

HRÚTASKRÁ

2021 - 2022



SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ
SUÐURLANDS



SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ
VESTURLANDS

KRAFTBLANDA

Inniheldur Effekt Midi Island steinefnablöndu

KRAFTBLANDA-30

- 30% fiskimjöl
- Óerfðabreytt hráefni
- Lífrænt selen

KRAFTBLANDA-15

- 15% fiskimjöl
- Óerfðabreytt hráefni
- Lífrænt selen



Bústólpi

HJARTAÐ Í
ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI

Bústólpi ehf - fóður og áburður • Oddeyrartanga • 600 Akureyri
bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is

EFNISYFIRLIT

Skýringar	4
Frá sauðfjársæðingastöðvunum	6
Suðurland	
Hyrndir hrútar	8
Kollóttir hrútar	19
Fallnir hrútar 2020-2021	23
Hrútar 2021-2022, lambhrútaskoðun og kynbótamat	26
Vesturland	
Hyrndir hrútar	28
Kollóttir hrútar	37
Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna 2021	44
Kjötmat afkvæma sæðingastöðvahrúta haustið 2021	45
Sauðfjársæðingar og beiðsli	46
Árangur sæðinga vorið 2021 eftir sæðishrútum	48
Erfðagallinn gul fita	49
Árferðir ráða næmi fyrir riðusmiti sauðfjár	50

ATRÍÐISORÐASKRÁ

SUÐURLAND

HYRNDIR HRÚTAR

Lómi 15-867 (nýr)	8
Breki 16-824	8
Glámur 16-825	9
Heimaklettur 16-826	10
Stapi 16-829	10
Sammi 16-841	11
Hvíslí 16-868 (nýr)	11
Viðar 17-844	12
Suddi 17-872 (nýr)	12
Svartur 17-873 (nýr)	14
Völlur 18-835	14
Glitnir 19-848	16
Kostur 19-849	16
Hnokki 19-874 (nýr)	17
Gimli 20-876 (nýr)	17
Grettir 20-877 (nýr)	18

KOLLÓTTIR HRÚTAR

Baukur 15-818	19
Vöttur 15-850	19
Þokki 17-853	21
Svörður 18-854	21
Tónn 18-855	22
Jötunn 18-863 (nýr)	22
Strandagaldur 19-866 (nýr)	23

FELDFJÁR- OG FORYSTUHRÚTAR

Melkollur 18-859 (feldfjárrútur)	24
Kjartan 16-860 (forystuhrútur)	24

VESTURLAND

HYRNDIR HRÚTAR

Mjöltnir 16-828	28
Garpur 16-838	28
Kappi 16-839	29
Kapall 16-869 (nýr)	30
Amor 17-831	30
Börkur 17-842	32
Dalur 17-870 (nýr)	32
Sokkur 17-871 (nýr)	33
Rammi 18-834	33
Snar 18-846	34
Galli 20-875 (nýr)	34
Kurdo 20-878 (nýr)	36
Steðji 20-879 (nýr)	36

KOLLÓTTIR HRÚTAR

Klettur 16-851	37
Fálki 17-821	37
Bikar 17-852	39
Selur 17-862 (nýr)	39
Lurkur 19-858	40
Dolli 19-864 (nýr)	40
Hamur 19-865 (nýr)	41

FERHYRNDUR HRÚTAR

Satúrnus 17-843	42
-----------------	----

FELDFJÁR- OG FORYSTUHRÚTAR

Ljúfur 16-817 (feldfjárrútur)	43
Fjalli 17-861 (nýr forystuhrútur)	43

Hrútaskrá 2021-2022

Útg. Sauðfjársæðingastöðvarnar á Suður- og Vesturlandi

Ritstjóri: Guðmundur Jóhannesson

Mynd á forsíðu: Tvílemba í sumarhögum í Húsavík eystri.

© Halla Eygló Sveinsdóttir.

Myndir af hrútum Halla Eygló Sveinsdóttir og Torfi Bergsson.

Umsagnir og lýsingar hrúta eru unnar af sauðfjárræktar-ráðunautum RML.

Umbrot: Rósa Björk.

Prentun: Fjölritunar- og útgáfuþjónustan,

nóvember 2021

SKÝRINGAR

MÁL OG STIGUN

Mál og stigun hrútanna er gefin upp þar sem dómur liggur fyrir, í eftirfarandi röð: Ár-þungi-fótleggur, mm-ómvöðvi/ómfita/lögun-haus-háls og herðar-bringa og útlögur-bak-malir-læri-ull-fætur-samræmi=stig alls.

ULLARLÝSINGAR

Emma Eyþórsdóttir og Árni Brynjar Bragason hafa skoðað og gefið umsögn um ull sæðishrútanna og fylgir hún með lýsingu þeirra.

GERÐ

Upplýsingum um holdfyllingarflokkun í kjötmati einstakra hrúta er breytt í tölugildi. Holdfyllingarflokkarnir fá þessi tölugildi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 9,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í U og 50% í R. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búna.

FITA

Á sama hátt eru tölugildin sem reiknað er með í fituflokkun eftirfarandi; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika.

KYNBÓTAMAT (BLUP) FYRIR SKROKKGÆÐI (GERÐ OG FITU)

Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr kjötmati frá árunum 2012-2021. Meðaltal allra gripa í gagnasafninu er 100, hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Þegar rætt er um kynbótamat fyrir skrokkgæði er átt við kjötmats-einkunn þar sem fitumatíð vegur 50% en gerðarmatíð 50%. Í sviga er birt öryggi matsins.

Kjötmatsgögn fyrir 2021 miðast við stöðu gagnagrunns 29. október 2021.

KYNBÓTAMAT (BLUP) FYRIR FRJÓSEMI OG MJÓLKURLAGNI

Kynbótamat fyrir afurðaeiginleikana (frjósemi og mjólkurlagni) er byggt á upplýsingum 10 yngstu árganga ána. Fyrir mjólkurlagni eru það ær fæddar 2010-2019, fyrir frjósemi ær fæddar 2011-2020. Fyrir hvorn eiginleika er reiknað mat fyrir fjögur fyrstu afurðarár ána. Hvert ár hefur jafnt vægi (25%) í samsettri einkunn fyrir mjólkurlagni. Í samsettri einkunn fyrir frjósemi er vægi hvers árs breytilegt, vægi 1 vetra er 10%, vægi 2 vetra er 60%, vægi 3 og 4 vetra er 15% hvort ár. Meðaltal er 100 og hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Fyrir yngstu hrútana eru upplýsingar um dætur enn litlar þannig að upplýsingar um nánustu ættingja vega mjög þungt í kynbótamati þeirra. Í sviga er birt öryggi matsins.

KYNBÓTAMAT (BLUP) - HEILDAREINKUNN

Frá árinu 2012 er reiknuð heildareinkunn þar sem kynbótamat allra eiginleika er vegið saman í eina einkunn. Vægi skrokkgæða, frjósemi og mjólkurlagni er jafnt í þeirri einkunn. Einstaklingur með 120 í einkunn fyrir skrokkgæði, 110 fyrir frjósemi og 100 fyrir mjólkurlagni hefur þannig heildareinkunn 110. $((120+110+100)/3 = 110)$.

LITAERFDIR

Litaerfdir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreinir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mögulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir mórauðan lit, en mórauð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn er að segja til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavísu fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vitað er að hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.

ARFGERÐARGREINING V/RIÐUSMITS

- 1. VERNDANDI ARFGERÐIR (ARR/ARR; ARR/ARQ; ARR/ARH; ARR/AHQ).**
Erfðafræðilega mest verndandi. Finnast ekki í íslensku fé.
- 2. LÍTIÐ NÆMAR ARFGERÐIR (AHQ/AHQ; AHQ/ARQ).**
Erfðafræðilega lítið næmar fyrir smiti.
- 3. MIÐLUNGSNÆM ARFGERÐ (ARQ/ARQ).**
Hlutlaus arfgerð. Algengasta arfgerðin í íslensku fé.
- 4. ÁHÆTTUARFGERÐIR (ARQ/VRQ; AHQ/VRQ; VRQ/VRQ).**
Erfðafræðilega mikið næmi fyrir smiti.

Rétt er taka fram að ekki eru teknir aðrir hrútar á stöð en þeir sem eru annað hvort hlutlausir eða búa yfir lítið næmum arfgerðum.

SKRÁNING SÆÐINGA

Mikilvægt er að skráning sæðinga gerist sem fyrst.

Þeir fjáreigendur sem skrá fjárbókhald í **FJARVIS.IS** geta skráð allar upplýsingar þar strax og framkvæmd sæðinga er lokið.

Aðrir senda upplýsingar úr dagbók sæðingamanns strax til viðkomandi búnaðarsambands til skráningar.

Þegar skráning sæðinga hefur verið unnin koma allar frekari upplýsingar til úrvinnslu á öllum skýrslum um árangur sæðinga beint úr fjárbókhaldinu í **FJARVIS.IS**.

ÍSLENSKT FÓÐUR

FYRIR ÍSLENSKT SAUÐFÉ



Milljónablanda

Milljónablanda er með 37% próteininnihaldi, vegna þess að hún inniheldur ríkulegt magn af fiskimjöli. Óerfðabreytt blanda, sem hentar vel með próteinsnauðu heyi.

Gott að gefa hrútum og ám á fengitíma. Inniheldur selen og mikið af bætiefnum.



Sauðfjárblanda

Sauðfjárblanda er óerfðabreytt með 16% próteininnihaldi, sem byggir eingöngu á jurtaafurðum. Hentar afar vel með meðalgóðum heyjum. Inniheldur góða samsetningu af steinefnum og vítamínum.

Til að ná mikilli frjósemi er nauðsynlegt að sauðfé sé í góðu næringarástandi á fengitíma.



Lambaköggjar

Sérstakt kjarnfóður fyrir lömb með mjólkurgjöf. Blandan stuðlar að auknum heilbrigðum vexti og þroska vambarinnar. Blandan er fullbætt steinefnum og vítamínum, sem eru sérlöguð að þörfum sauðfjár.

Lystugir 3 mm köggjar.



* **FRÍ HEIMSENDING** á pöntunum yfir 30.000 kr. í vefverslun www.fodur.is

* Gildir í póstnúmer 101-371 og 800-881

SAUÐFJÁRSÆÐINGA- STÖÐVARNAR



Gammur 17-504 (f. Mávur 15-990) á Gaul í Staðarsveit.
Mynd: Halla Eygló Sveinsdóttir.

SUÐURLAND

Afgreiðsla: 1. - 21. desember

Í síma **482 1920** fyrir kl. 9:00 samdægurs eða á netfangið **svinn@bssl.is**.

Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta sæði hjá Sveini Sigurmundssyni í sínum **480 1800 / 480 1801** eða **894 7146**.

SKIPULAG Á SUÐURLANDI:

V-Skaftafellssýsla, Eyjafjöll og Landeyjar **9.-12. des.**
Rangárþing-ytra, Ásahr., Fljótshlíð og lágsveitir Árnessýslu.
13. -16. des.
Uppsveitir Árnessýslu > **17.- 20. des.**
Austur-Skaftafellssýsla. Stefnt er að ferðum
frá og með byrjun des. og til og með 9. des.

PANTANIR UTAN SVÆÐA

Pantanir utan starfssvæða Búnaðarsambands Suðurlands og Búnaðarsamtaka Vesturlands fara í gegnum búnaðarsambönd á viðkomandi svæðum nema um annað sé samið sérstaklega.

VERÐ Á SÆÐI:

1-19 sæddar ær.....	1.250 kr./sk.
20-49 sæddar ær.....	1.050 kr./sk.
50-99 sæddar ær.....	915 kr./sk.
100 ær eða fleiri sæddar.....	850 kr./sk.
Til búnaðarsambanda.....	825 kr./sk.

Öll verð eru án vsk.

Lágmarksafgreiðsla er 1 strá eða sæði í 5 ær.

Innheimt verður að lágmarki 70 % af pöntuðu sæði.

Uppgjöri skal lokið fyrir áramót.

VESTURLAND

Afgreiðsla: 1. - 21. desember

Pantanir þurfa að berast fyrir kl. 21:00 daginn fyrir sæðingu. Panta skal í gegnum pöntunarform sem aðgengilegt er á **www.buvest.is**

Einnig er hægt að panta í síma **437 1215** en pantanir í síma verða að berast á skrifstofu BV í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir sæðingu.

Allar breytingar á pöntunum þurfa að berast fyrir kl. 9:00 að morgni sæðingadags á netfangið **bv@bondi.is**, eða í síma **892 0517**.

SKIPULAG Á VESTURLANDI:

Starfsmenn BV munu dreifa sæðispöntunum á tilgreinda áfangastaði á fjarlægari svæðum eins og verið hefur.

Reiknað er með að bændur á starfssvæði BV sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra, enda hafi viðkomandi sótt námskeið í sauðfjársæðingum.

SKRÁNINGAR Á SÆÐINGUM:

Allar sæðingar skulu skráðar í fjarvis.is af viðkomandi bónda eða sæðingamanni. Mikilvægt er að viðkomandi bóndi/sæðingamaður sem skráir sæðingarnar (helst samdægurs) sendi tölvupóst til viðkomandi búnaðarsambands um að öllum skráningum sé lokið og/eða ef eitthvað er óskráð t.d. lambgimbrar sem ekki hafa fengið fullorðinsnúmer.

SAUÐFJÁRSÆÐINGANÁMSKEIÐ:

Mið. 1. des. kl. 13:00 – 18:00 hjá Lbhí á Hvanneyri / Hesti

Fim. 2. des. kl. 13:00 – 18:00 á Stóra Ármóti

Þri. 7. des. kl. 13:00 – 18:00 á Búgarði, Óseyri 2, Akureyri

Nánari upplýsingar og skráning á heimasíðu Endurmenntunar Lbhí, endurmenntun.lbhi.is.

VÖRUR FYRIR ÍSLENSKT SAUÐFÉ BÚVÖRUR SS



Ærblanda SS

Óerfðabreytt kjarnfóður

Orkurík kjarnfóðurblanda með 17,2% hrápróteini. Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika og tormelt prótein fyrir hámarks ullarvöxt. Rík af kalsíum, fosfór og magnesíum. Gott jafnvægi stein- og snefilefna.

15 kg pokar / 750 kg sekkir



Vitlick Soft Sheep



Stein- og snefilefnarík bætiefnafata með hvítlauk sem er hentug með vetrarfóðrun. Hátt seleninnihald.

15 kg fata

Salto Får saltsteinn



Saltsteinn sem inniheldur náttúrulegt bergsalt og má notast við lífræna ræktun. Inniheldur stein- og snefilefni, þar á meðal selen.

10 kg steinn

Stalosan F

Náttúrulegt sóthreinsiduft



Frábær forvörn gegn slefsýki

Stalosan F vinnur gegn bakteríum, vírusum, sveppum og snýkjudyrum. Slefsýki í lömbum orsakast af E. coli sem berst með óhreinindum, oft á undan broddmjólkinni. Stalosan F hefur reynst vel sem forvörn gegn slefsýki. Með góðum forvörnum sparast vinna og kostnaður við lyf.

Vörur fyrir sauðfjárþænder

Eigum til ýmsar vörur fyrir sauðfjárþænder, t.d. merkisprey og krítar í ýmsum litum, vörur fyrir sauðburð og fleira.



Búvörur SS | S: 575-6070 | www.buvorur.is | buvorur@ss.is

Verzlun Fosshálsi 1, 110 Reykjavík | S: 575-6071 | Opið virka daga kl.: 10:30-18:00

Verzlun Ormsvelli 4, 860 Hvolsvelli | S: 575-6099 | Opið virka daga kl.: 09:00-17:00

NÝR

15-867 LÓMI

frá Svínafelli 2 - Víðihlíð, Örfæfaveit.
(Keyptur frá Rauðbarðaholti, Hvammssveit)



MFF: Lagður 07-847; MMF: Kölski 10-920; FMFF: Lundi 03-945;
FMMF: Busi 03-946; MFMF: Fróði 04-963; MMMF: Lubbi 01-940



15-867

Lýsing: Hvítur, fremur krapphyrndur. Hálsinn sver og herðarnar fremur grófar. Bolurinn sívalur. Ágætt holdfylling í baki og mölum. Lærvöðvi þykkur og vel lagaður. Lómi er gerðarlegur hrútur sem samsvarar sér vel. Fótleggur 119 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á haus, dökkgulur á dindli og fótum. Gul hárf víða í reyfi. Svartur blettur í baki og hægri læri mórætt. Togið fremur gróft og þelið þykkt. Ullarmikill miðað við aldur.

Reynsla: Lómi 15-867 var valinn á sæðingastöð sumarið 2021 sem alhlíða kynbótahrútur. Hann er fæddur á búi Ármanns og Hólfríðar á Svínafelli í Örfæfum en fór sem lamb til Moniku og Halldórs að Rauðbarðaholti í Hvammssveit. Lómi er prýðisgóður lambafaðir en helsta einkenni afkvæma hans er mikill þroski samhliða hóflegri fitusöfnun. Niðurstöður úr slátrun lamba undan honum hafa verið áþekkar öll árin í Rauðbarðaholti. Haustið 2017 var fallþungi tæplega 60 sláturlamba 19,1 kg, einkunn fyrir gerð 10,4 og einkunn fyrir fitu 7,7. Búsmeðaltal sama haust var 17,5 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 10,4 og fyrir fitu 7,6. Lómi á jafnframt til afkvæmi á bæjunum Magnússkógum 3 og Ásgarði í Hvammssveit.

Núna í vetur verða til tæplega 100 dætur hans á þessum þremur bæjum en dætur hans hafa sýnt góða frjósemi og eru framúrskarandi mjólkurær líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika sýnir. Nærri 70 dætur Lóma höfðu 5,3 afurðastig í Rauðbarðaholti nú í haust og margir af best gerðu lambhrútunum þar voru undan dætrum hans. Lómi er rakinn kostur fyrir þá sem vilja ná sér í góðar ær með því að nýta sæðingar en jafnframt býr hann yfir lítið næmri arfgerð fyrir riðusmiti og helmingur afkvæma hans ætti að bera þá arfgerð

Móðir hans, Sjósa 14-013 var tvílembd gemlingur, síðan fjórum sinnum tvílembd, einu sinni þrílembd en geld nú í vor. Hún hefur 7,2 afurðastig.

Litaerföir: Lómi er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-49-105-31/2,3/4,5-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=84,5 stig.

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						107
Fita						114
Skrokkgæði (99%)						111
Frjósemi (94%)						108
Mjólkurlagni (93%)						110
Heildareinkunn						110

16-824 BREKI

frá Skálholtsvík, Hrutafirði.



16-824

Lýsing: Grár, vel hyrndur með svipmikinn haus. Herðar örlítið háar en vel holdfylltar. Bolurinn er sívalur og bakið sterkt. Mala- og lærahold eru góð og eru hans helsti styrkleiki. Fótleggur 120 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Steingrár en grái liturinn misdökkur á búkinn. Ullarmagn er í góðu meðallagi. Togið nokkuð mikið og gróft. Þelið nokkuð jafnt.

Reynsla: Breki 16-824 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Nú í haust komu til skoðunar 88 synir hans. Þeir voru þroskamiklir eins og fyrri hópar sona hans og að þessu sinni næstþyngsti hálfbræðrahópurinn undan hyrndu stöðvahrútunum. Synir Breka eru alla jafna langvaxnir, holdþéttir en alls ekki háfættir þrátt fyrir mikinn þroska. Af sláturlömbum undan Breka nú í haust fóru tæp 69% í holdfyllingarflokkka E og U.

Kynbótamat Breka fyrir frjósemi dætra þegar veturgamlar dætur hans vítt um land eru teknar með, gefur til kynna að dætur hans séu í tæpu meðallagi hvað þann eiginleika varðar. Þær takmörkuðu upplýsingar sem liggja fyrir um afurðir Brekadætra á landsvísu nú í haust eru í góðum takti við prýðilegt kynbótamat hans fyrir mjólkurlagni dætra. Breki býr yfir mörgum góðum kostum sem kynbótahrútur og hefur staðið vel undir þeim væntingum sem til hans voru gerðar þegar hann var valinn á stöð á sínum tíma.

Litaerföir: Breki er arfblendinn grár, gefur mórætt, tvílitt og hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2016-57-108-32/4,1/3,5-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=85,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2020	2021
Fjöldi	112	88
Þungi	50,7	50,9
Fótleggur	108,9	108,4
Læri	17,8	17,8
Ull	7,9	8,0
Ómvöðvi	31,4	31,6
Ómfita	2,7	2,8
Lögun	4,2	4,2

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						111
Fita						113
Skrokkgæði (99%)						112
Frjósemi (95%)						97
Mjólkurlagni (93%)						110
Heildareinkunn						106

16-825 GLÁMUR

frá Svartárkoti, Bárðardal.



Lýsing: Gráflekkóttur, vel hyrndur með fríðan haus. Herðar eru breiðar og útlögur góðar. Malir eru prýðilega holdfylltar og lærafylling góð. Virkjamikill og fallegur hrútur. Fótleggur 115 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Gráflekkóttur og ullarmikill. Ullin togmikil og togð fremur gróft.

Reynsla: Glámur 16-825 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann var valinn á stöð sem efnilegur alhlíða hrútur og var mikið notaður fyrsta árið sitt en heldur minna síðasta vetur. Einn sonur hans er þegar kominn á sæðingastöð, Grettir 20-877. Við skoðun hrútlamba síðustu tvö haust hefur mátt finna marga jafnvaxna hrúta undan Glámi með öflug bak-, mala- og lærahold. Sláturlömb undan honum flokkast vel og Glámur er sterkur gerðarhrútur líkt og kynbótamat hans gefur til kynna.

Talsverð reynsla er komin á dætur Gláms sem eru mjög frjósamar en breytilegar mjólkurær líkt og BLUP-kynbótamat gefur til kynna. Þó dætur hans heima í Svartárkoti hafi haft 4,5 afurðastig að jafnaði haustið 2020 er kynbótamat fyrir mjólkurlagni óbreytt eða 100 stig. Veturgamlar dætur hans víða um land munu varpa betra ljósi á hvar hann stendur fyrir þann eiginleika við haustuppgjör 2021.

Litaerfðir: Glámur er arfblendinn grár í A-sæti, hefur erfðavísi fyrir móræuðu og einnig tvílit og þar með hreinhvítu.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-40-111-30/2,1/4,0-8,0-8,5-8,0-8,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=83,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2020	2021
Fjöldi	129	59
Pungi	49,0	48,3
Fótleggur	109,3	109,7
Læri	17,8	17,7
Ull	7,8	7,8
Ómvaðvi	31,6	31,1
Ómfita	3,0	2,9
Lögun	4,2	4,2

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						119
Fita						114
Skrokkgæði (100%)						117
Frjósemi (96%)						112
Mjólkurlagni (94%)						100
Heildareinkunn						110

Sprettur ÁBURÐUR

þegar mest á reynir
fyrir tún og akra




Skeljungur

16-826

HEIMAKLETTUR

frá Hriflu, Þingeyjarsveit.



MFF: Púki 06-807, MMF: Hylur 01-883



Lýsing: Hvítur, finhyrndur með grannan haus. Holdfylling framparts í meðallagi. Bakið sterkt. Holdfylling í mólum og lærum góð. Fótleggur 118 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnakka og á fótum. Ullarmagn fremur lítið. Togið fremur stutt og fremur fingert. Þelið jafnt.

Reynsla: Heimaklettur 16-826 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann var valinn sem alhliða kynbótahrútur og hefur fengið góða notkun síðustu tvö ár. Afkvæmi Heimakletts eru lágfætt en langvaxin með þykkun og vel lagaðan bakvöðva. Talsvert hefur verið af álitlegum ásetningshrútum undan honum og eru allmargir synir hans einnig hreinhvítir og með góða ull.

Heimaklettur lofar góðu sem ærfaðir líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna. Mat fyrir frjósemi hefur hækkað frá fyrra ári á meðan mat fyrir mjólkurlagni hefur lækkað lítillega. Hann hefur þó 109 stig fyrir báða eiginleikana sem skipa honum í hóp efstu hrúta á sæðingastöð fyrir dætraeiginleika.

Heimaklettur er góður alhliða kynbótahrútur og rakinn kostur fyrir þá sem vilja ná sér í góðar ær með því að nota sæðingar. Jafnframt skal bent á, að þetta er síðasti vetur Heimakletts á sæðingastöð en af heilsufarsástæðum verður hann felldur að lokinni sæðistöku í desember.

Litaerfðir: Heimaklettur er arfblendinn fyrir gráum lit í A-sæti, gefur mórautt, tvílit og hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Lítið næm arfgerð (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-45-108-34/2,5/4,5-8,0-9,0-8,5-9,0-9,0-19,0-7,5-8,0-8,0=86,0 stig

Lambhrútaskoðun	2020	2021
Fjöldi	126	174
Þungi	48,1	48,4
Fótleggur	106,9	107,7
Læri	17,7	17,8
Ull	8,0	8,0
Ómvöðvi	31,8	32,0
Ómfita	3,2	3,5
Lögur	4,3	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						112
Fita						107
Skrokkgæði (100%)						110
Frjósemi (97%)						109
Mjólkurlagni (96%)						109
Heildareinkunn						109

16-829

STAPI

frá Kirkjubæjarklaustri II, Skaftárh. (Keyptur frá Borgarfelli, Skaftártungu)



MFF: Þrjónn 07-812; MMF: Kóngur 04-829



Lýsing: Hvítur, finhyrndur með gerðarlegan haus. Herðar eru ávalar og útlögur í meðallagi. Bakið er breitt, malir breiðar, langar og holdfylltar. Lærahald frábær. Jafnvaxinn, vel gerður hrútur, fagaður að allri gerð. Fótleggur 113 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnakka og á fótum. Dröfnur í andliti. Örlítið um gul hár í reyfi, en ekki áberandi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Þelið jafnt og þykkt. Togið meðalfint og nokkuð jafnt.

Reynsla: Stapi 16-829 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann var valinn inn á stöðvarnar eftir afkvæmarannsókn sem haldin var á fæðingarbúi hans, Kirkjubæjarklaustri 2 haustið 2019. Einn sonur hans er þegar kominn á sæðingastöð, Steðji 20-879. Stapi hefur fengið talsverða notkun bæði árin sem hann hefur verið á stöð. Synir hans sem komið hafa til skoðunar eru um meðaltal í vænleika, mjög jafnvaxnir, með þykkun og vel lagaðan bakvöðva ásamt öflugum afturparti.

Stapi er einnig lofandi ærfaðir og hækkaði kynbótamat hans fyrir frjósemi lítlegra þegar við bættust upplýsingar um stóran hóp veturgamalla á nú í vor. Dætur hans eru jafnframt góðar afurðær líkt og kynbótamat hans fyrir mjólkurlagni gefur til kynna.

Stapi er góður alhliða kynbótahrútur og hefur sannað gildi sitt sem öflugur lambafaðir og efnilegur ærfaðir líkt og væntingar stóðu til við val hans á sæðingastöð.

Litaerfðir: Stapi er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2016-46-104-33/2,7/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-18,5-7,5-8,0-8,5=86,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2020	2021
Fjöldi	215	110
Þungi	48,7	48,8
Fótleggur	107,7	107,8
Læri	17,8	17,7
Ull	7,9	7,9
Ómvöðvi	31,9	32,3
Ómfita	3,2	3,3
Lögur	4,3	4,4

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						114
Fita						110
Skrokkgæði (100%)						112
Frjósemi (97%)						106
Mjólkurlagni (96%)						112
Heildareinkunn						110

16-841 SAMMI

frá Þóroddsstöðum, Hrótafirði.



16-841

Lýsing: Svartur, með þróttlegan haus en krapphyrndur. Bolur fremur sívalur og bakið breitt. Malir breiðar og langar. Lærahold góð. Sterklegur hrútur. Fótleggur 118 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Mjög lítið af gráum hárum í reyfi. Togið fremur gróft en fallegur gljái á því. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Sammi 16-841 er að hefja sinn annan vetur á stöðvunum, en hann var fenginn þangað sem góður alhliða kynbótahrútur. Hann var talsvert notaður hjá bændum á sínum fyrsta vetri þó hann væri ekki í hópi vinsælustu hrútanna. Við lambaskoðun í haust voru dæmdir 138 synir Samma. Vænleiki þeirra var aðeins yfir meðaltali sona hyrnu hrútanna en þykkt bakvöðva aðeins undir meðaltali. Hann skipar sér í hóp þeirra stöðvahrúta sem skila minnstri fitu í bakmælingum afkvæma þó þess sjáist vart merki í kjötmati þar sem megnið af afkvæmum hans fer í fituflokk 3. Í afkvæmahópi hans voru nokkur úrvalsgóð hrútsefni og fékk sá sonur hans sem hæst var stígaður 90 stig. Eins mátti sjá vel gerðar og þroskamiklar gimbrar undan honum á nokkrum bæjum í haust.

Sammi er öflugur ærfaðir líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna en hann er eini hyrni hrúturinn á stöð sem hefur 110 eða hærra í einkunn fyrir bæði frjósemi og mjólkurlagni dætra.

Sammi sameinar því vel alla þá kosti sem góður kynbótahrútur þarf að hafa og ætti að vera fyrsti kostur hjá þeim bændum sem vilja ná sér í góðar ær með notkun sæðinga.

Litaerfðir: Sammi er svartur, hefur erfðavisi fyrir tvílit en ekki fyrir mórauðum lit – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2016-53-106-32/4,0/4,5-8,0-9,0-9,5-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=86,5 stig.


Lambhrútaskoðun	2021
Fjöldi	138
Þungi	49,2
Fótleggur	108,0
Læri	17,8
Ull	7,8
Ómvöðvi	31,3
Ómfita	2,8
Lögun	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						111
Fita						107
Skrokkgæði (99%)						109
Frjósemi (85%)						110
Mjólkurlagni (85%)						114
Heildareinkunn						111

16-868 HVÍSLI

frá Gunnarsstöðum I, Þistilfirði.

NÝR



16-868

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur en finhyrndur. Holdfylling í meðallagi hvar sem á honum er tekið. Langvaxinn hrútur. Fótleggur 118 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Gulur á haus, hnacka og fótum. Gul hár útbreidd í reyfi. Togið fremur gróft og þelið í þynnra lagi. Ullarlítil miðað við aldur.

Reynsla: Hvíslí 16-868 frá Gunnarsstöðum í Þistilfirði kom í hóp sæðingastöðvahrúta sumarið 2021. Val hans byggir fyrst og fremst á því hve lofandi hrúturinn er sem ærfaðir. Hann skartar hæsta kynbótamati allra hrúta landsins fyrir mjólkurlagni dætra, en er jafnframt þrýðilegur lambafaðir. Hvíslí hefur mikið verið notaður á Gunnarsstöðum og til eru upplýsingar um 362 sláturlömb undan honum. Flest árin hefur hann átt einn af þroskamestu lambahópunum en gerð þeirra hefur verið í kringum meðaltal búsin. Meðalfallþungi afkvæma hans fyrir öll árin er 16,1 kg, einkunn fyrir gerð 9,0 og einkunn fyrir fitu 6,1.

Að Hvíslá standa öflugir ærfaðir og alhliða hrútar. Föðurættin er blönduð af hyrnu og kollóttu fé, en föðurfaðir hans Shrek 05-817 frá Kollsa var kollóttur. Móðurfaðir hans er síðan ein af stjórnnum búsin, Váli 10-907 sem var valinn mesti alhliða kynbótahrútur sæðingastöðvanna vorið 2018.

Samkvæmt haustuppgjöri 2020 voru dætur hans aðeins undir búsméðaltali fyrir frjósemi. Hins vegar eru þær vel yfir meðallagi afurðasamar en afurðastig 25 dætra var þá 5,9 sem er afar gott hjá svo stórum dætrahópi.

Móðir Hvíslá, 12-231, var einlembd veturgömul, en eftir það fjórum sinnum tvílembd, einu sinni einlembd og einu sinni þrílembd. Hún var felld haustið 2019 og hafði þá 7,9 afurðastig.

Litaerfðir: Hvíslí er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2016-49-108-29/2,1/3,5-8,0-8,0-8,0-8,5-8,5-17,5-7,5-8,0-8,5=82,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						106
Fita						102
Skrokkgæði (98%)						104
Frjósemi (87%)						99
Mjólkurlagni (87%)						127
Heildareinkunn						110

17-844 VIÐAR

frá Bergsstöðum, Miðfirði.



MMF: Prófastur 06-864; FMFF: Gotti 05-804; MMFF: Grábotni 06-833



Lýsing: Hvítur finhyrndur með fríðan haus, örliðið grófur um herðar en bringa breið og bolur sívalur. Bakið sterkt, malir breiðar og lærahold einstök. Langvaxinn hrútur sem samsvarar sér vel. Fótleggur 114 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum og gul hár áberandi í reyfi, einkum aftan til. Togið fremur fínt og hrúturinn ullarmikill

Reynsla: Viðar 17-844 er að hefja sitt annað ár á sæðingastöðvunum. Hann á glæsilegan feril að baki. Heima á Bergsstöðum sýndi hann strax að þar fór enginn meðalhrútur og stóð hann í þrjú haust eftur fyrir gerð sláturlamba þar á bæ í öflugum samanburði. Síðan var hann prófaður í afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta sem fram fór á Efri-Fitjum og stóð þar uppi sem sigurvegari. Hann var síðan mest notaði hrútur stöðvanna sl. vetur og átti flest afkvæmi sem komu til skoðunar í haust. Afkvæmi hans eru jafnan afar þéttvaxin og breiðvaxin, lágfætt en býsna bollöng og þroskamikil. Viðar á jafnframt flest sláturlömb í þeim hópi sæðingalamba sem var slátrað í haust. Í þeim gögnum sem þar söfnuðust er athyglisvert að sjá að afkvæmi hans hafa mestan fallþunga af afkvæmum hyrndu hrútanna og fá afgerandi besta gerðarmatið en 31% af afkvæmum hans endaði í holdfyllingarflokk E. Það er því komin býsna skýr mynd af Viðari sem lambaföður og víða til margt fallettra ásetningslamba undan honum.

Viðar er mjög lofandi sem ærfaðir. Samkvæmt haustuppgjöri 2020 voru 13 dætur hans með 5,2 afurðastig og hækkar kynbótamat hans fyrir mjólkurlagni um 3 stig milli ára. Þá voru dætur hans heima á Bergsstöðum frjósamar í vor. Munar þar mestu um 7 veturgamlar ær sem bættust í hópinn og sýndu frábæra frjósemi og hækkaði kynbótamat hans fyrir þann þátt um 4 stig milli ára.

Viðar hefur alla burði til að verða öflugur alhlíða kynbóthrútur og er með athyglisverðari hrútum sem stöðvarnar hafa fengið á undanförunum árum.

Litaerföir: Viðar er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2017-56-104-33/2,3/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-19,5-8,0-8,0-8,5=88,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2021
Fjöldi	370
Pungi	50,3
Fótleggur	108,0
Læri	18,0
Ull	7,8
Ómvöðvi	31,4
Ómfita	2,9
Lögun	4,3

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							128
Fita							109
Skrokkgæði (99%)							119
Frjósemi (79%)							106
Mjólkurlagni (77%)							111
Heildareinkunn							112

17-872 SUDDI

frá Skarðaborg, Reykjahverfi.



Lýsing: Hvítur, finhyrndur. Hausinn breiður og fríður. Hálsinn stuttur og sver. Breiðar holdfylltar herðar og sívalur bolur. Góð holdfylling í baki. Afturpartur breiður og holdgróinn. Langvaxinn hrútur. Fótleggur 120 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Vel hvítur, en örliðið um gul hár aftan til í reyfi. Togið stutt en fínt. Þelið þykkt og mjúkt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Suddi 17-872 frá Skarðaborg bættist í hóp sæðingastöðvahrúta haustið 2021, en hann er merkisgripur sem á glæstan feril að baki sem lambafaðir á þessu gamalgróna sauðfjárræktarbúi. Í afkvæmarannsóknum á heimahrútum þar á bæ, haustin 2019 og 2020, skaraði Suddi verulega framúr og var í hópi þeirra hrúta á landinu sem almesta yfirburði sýndu í slíkum samanburði. Haustið 2020 var meðalfallþungi afkvæma hans 17,7 kg, einkunn fyrir gerð 12,4 og einkunn fyrir fitu 7,0. Meðalþungi í þeirri afkvæmarannsókn á heimahrútum var 17,6 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og einkunn fyrir fitu 7,1. Yfirburðir Sudda endurspeglast í gríðarlega háu kynbótamati fyrir gerð og er hann þar í hópi hæstu hrúta landsins. Þá á hann orðið syni á öðrum búum sem sýndu glæsilegar niðurstöður í haust.

Sudda var að sjálfsgöðu ætlað að etja kappi við aðra úrvalshrúta í afkvæmarannsókninni sem var í Skarðaborg í haust vegna sæðingastöðvanna, enda höfuðdjásn búans. Því miður var hann úr leik hluta fengitímans og vantaði því upp á fjölda afkvæma til þess að hann væri gjaldgengur í uppgjör afkvæmarannsóknarinnar. Hrúturinn er nú fullfrískur og verður látið reyna á hann í sæðingunum í vetur.

Eitt af því sem gerir Sudda áhugaverðan er, að fremur óalgenget er að hrútar sem sýna svo mikla yfirburði í kynbótamati fyrir gerð séu tiltölulega fjarskyldir sæðingastöðvahrútum, en í ættartré hans finnast sæðingastöðvahrútar fyrst í fimmta ætlið.

Sem ærfaðir er Suddi orðinn nokkuð reyndur. Uppgjör gagna fyrir árið 2021 byggir á 46 dætrum heima í Skarðaborg og á Einarssstöðum. Þær eru aðeins undir búsméðaltali fyrir bæði frjósemi og afurðasemi og höfðu 4,8 afurðastig að jafnaði. Móðir Sudda, Kosta 15-762, var einlembd veturgömul og einu sinni eftir það en annars skilaði hún árlega tveim góðum lömbum. Hún er með 5,5 afurðastig.

Litaerföir: Suddi er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-40-108-31/2,1/4,5-8,0-8,0-8,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=84,5 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							140
Fita							103
Skrokkgæði (98%)							122
Frjósemi (87%)							98
Mjólkurlagni (84%)							98
Heildareinkunn							106



ALLT FYRIR SAUÐFÉ!

Grindur - Fjárþætir - Fjárvogir o.fl.



GRINDUR FYRIR SAUÐFÉ

Nettar og þægilegar grindur fyrir sauðfé

Lengdir:

1,22m

1,52m

1,83m

Hæð: 0,90m

BRETTATILBOÐ!



FJÁRÞÆTIR

Óerfðabreyttur fjárþætir

Efnainnihald:

Prótín 16% • Aska 9,36% • Fita 3,96%

Tréni 9,5% • VEM 932

20kg - kr. 2.915 með vsk.



FJÁRVOG MEÐ FLOKKUN




STEIN- OG ÞÆTIEFNI

NÝR

17-873

SVARTUR

frá Hvammi í Lóni.



17-873

Lýsing: Svartur, vel hyrndur. Herðar fremur háar en holdfylltar. Ágætt holdfylling í baki. Malir breiðar, langar og holdfylltar. Holdfylling í lærum góð. Spakur og myndarlegur hrútur. Fótleggur 124 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Svartur, dálítið um grá hár í reyfi. Reyfið togmikið og togið langt en þelið lítið.

Reynsla: Svartur 17-873 var valinn til notkunar á sæðingastöð sumarið 2021. Byggðist valið m.a. á góðri frammistöðu hans í afkvæmarannsóknnum heima í Hvammi en þar hefur hann staðið afgerandi eftur síðustu ár. Haustið 2020 sýndi Svartur til dæmis all mikla yfirburði í mati á lifandi lömbum og skilaði hagfelldustu flokkun sláturlamba sem jafnframt sýndu yfirburði í fallþunga. Þá var meðalfallþungi afkvæma hans 16,3 kg, einkunn fyrir gerð 10,4 og einkunn fyrir fitu 5,9. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 15,9 kg, einkunn fyrir gerð 9,4 og fitu 6,0.

Vonir standa til að Svartur verði góður ærfaðir líkt og BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika gefur til kynna. Þrettán dætur hans í Hvammi höfðu að jafnaði 5,5 afurðastig haustið 2020. Átján dætur hans, tveggja vetra og eldri sýndu frjósemi talsvert yfir meðaltali búsinns vorið 2021.

Móðir Svarts, Ljúf 15-410, lét sem gemlingur, var einlembd tveggja vetra þegar hún átti Svart en síðan tvílembd. Hún er með 5,8 afurðastig.

Svartur hefur alla burði til að reynast sterkur alhliða kynbótahrútur fyrir ræktunarstarfið líkt og faðir hans Klettur 13-962 frá Borgarfelli var á sínum tíma.

Litaerfðir: Svartur er arfhreinn svartur í A-sæti, gefur hvorki mórauðan lit né tvílít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-60-114-36/2,5/4,0-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-17,5-8,5-8,0-8,5=85,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						119
Fita						110
Skrokkgæði (98%)						115
Frjósemi (80%)						109
Mjólklagni (78%)						110
Heildareinkunn						111

18-835
VÖLLUR

frá Snartarstöðum, Núpasveit.



18-835

Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með friðan haus. Herðar eru breiðar, bolur sivalur og útlögur miklar. Bakhold góð, malir langar og holdfylltar. Lærvöðvi vel lagaður og lokar klofi vel. Fótleggur 122 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Örlítið gult í hnacka. Gul hár fundust ekki í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið fremur fínt og jafnt. Þelið þykkt og jafnt.

Reynsla: Völlur 18-835 hóf feril sinn sem sæðingastöðvahrútur haustið 2019 og er hann því að hefja sinn þriðja vetur á stöð. Upphaflega byggðist val hans á niðurstöðu afkvæmarannsóknar fyrir úrvslshrúta sem haldin var á Snartarstöðum. Síðastliðna tvo vetur hefur hann fengið mjög mikla notkun en hann var vinsælasti hrútur stöðvanna veturinn 2019 til 2020. Stór hópur hefur komið fram af góðum hrútsefnum undan honum. Sláturlömb undan Velli í haust skila honum í hóp þeirra fjögurra stöðvahrúta sem fá best gerðarmat, en 80% afkvæma Vallar fóru í holdfyllingarflokkka E og U.

Meiri reynsla hefur nú fengist um Völl sem ærföður en fyrsti hópurinn tilkominn með sæðingum bar í vor.

Frjósemi hjá þessum veturgömlu ám var heldur minni en vonir stóðu til, en kynbótamat hans lækkar um 4 stig fyrir þennan eiginleika. Betur lítur út með afurðasemina en dætur hans heima á Snartarstöðum voru með 5,5 afurðastig að jafnaði nú í haust. Dætur Vallar á öðrum búum sem þegar hafa lokið uppgjöri haustgagna styrkja einnig þá mynd að þær séu afbrigðsgóðar mjólkurær.

Litaerfðir: Völlur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-52-109-35/2,7/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-8,5-18,0-8,0-8,0-8,5=86,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2020	2021
Fjöldi	226	166
Þungi	48,6	48,7
Fótleggur	109,0	108,8
Læri	17,8	17,8
Ull	7,9	7,9
Ómvöðvi	31,5	32,0
Ómfita	2,8	2,8
Lögun	4,3	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						119
Fita						105
Skrokkgæði (100%)						112
Frjósemi (99%)						100
Mjólklagni (98%)						107
Heildareinkunn						106

Vefverslun alla leið



Aukin þjónusta við bændur

Í nýrri vefverslun N1 fæst allt sem þarf fyrir dagleg störf, til sjávar og sveita. Skráðu þig, skoðuðu úrvalið, pantaðu það sem þig vantar og við sendum þér allt um hæð. Við veitum metnaðarfulla þjónustu og tökum hlutina alla leið – á netinu líka.

Skráðu þig á
vefverslun.n1.is

440 1000 n1.is



ALLA LEIÐ

19-848 GLITNIR

frá Efri-Fitjum, Fitjárdal.



FMF: Seiður 09-874; MM: Skógardís 12-022 er alsystir Myrkva 12-665, föður Mjölnis 16-828



Lýsing: Hvítur finhyrndur með friðan haus. Bolur sívalur og feiknagóð holdfylling í baki og á mölum. Lærahold frábær. Jafnvaxinn og fallegur hrútur. Fótleggur 122 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmagn í meðallagi. Togið hrokkið og fint en þelið fremur lítið. Ull góð.

Reynsla: Glitnir 19-848 er að hefja sinn annan vetur á sæðingstöð en hann var annar tveggja hrúta sem fengnir voru þangað eftir afkvæmarannsókn á vegum stöðvanna í Miðfjarðarhólfi haustið 2020. Hann hlaut mikla notkun þennan fyrsta vetur á stöð og var hluti af „þríeykinu“ á Sauðfjarsæðingstöð Vesturlands í desember 2020 ásamt þeim Viðari 17-844 og Kosti 19-849. Til dóms komu 323 synir hans og átta aðeins Viðar 17-844 fleiri dæmda syni. Synir Glitnis eru yfirleitt þroskamiklir, en þykkt bakvöðvans dálítið breytileg og í tæpu meðallagi sé horft til sona hyrndu stöðvahrútanna. Fita á baki mældist í lægri kantinum miðað við syni annarra hyrndra stöðvahrúta. Synir Glitnis voru einnig dálítið breytilegir að gerð og bar svölitið á full hrjúfum framparti, en holdfylling í afturparti var alla jafnan prýðileg. Sláturlömb undan Glitni voru væn og flokkuðust tæp 71% þeirra í holdfyllingarflokkum E og U, þar af tæp 15% í E.

Glitnir er það ungur að hann á aðeins veturgamlar dætur á heimabúi og þær skila sínum fyrstu afurðum nú í haust. Átta dætur hans á Efri-Fitjum áttu 1,63 lömb í vor en búsméðal-tal veturgömlu ána þar var 1,56 lömb fædd. BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika breytist örlítið á milli ára en gefur eftir sem áður góð fyrirheit um að Glitnir muni reynast öflugur ærfaðir.

Litaerfðir: Glitnir er arfblendinn hvítur, erfir ekki mórautt en gefur tvítt og hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2019-51-110-38/3,3/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-19,5-8,5-8,0-8,5=89,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2021
Fjöldi	323
Þungi	49,0
Fótleggur	109,4
Læri	18,0
Ull	7,9
Ómvöðvi	31,5
Ómfita	2,9
Lögun	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						114
Fita						115
Skrokkgæði (99%)						115
Frjósemi (72%)						108
Mjólklagnni (69%)						106
Heildareinkunn						110

19-849 KOSTUR

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.



MFF: Laufi 08-848; MMF: Þróttur 04-991; FFFF: Burkni 13-951; FMFF: Jóker 12-924



Lýsing: Hvítur, finhyrndur með vanin horn. Hausinn stuttur og sver. Herðar holdgrónar og bolurinn mjög víður og sívalur. Bak holdgróið. Lærvöðvi kúptur og lokar klofi vel. Samanrekinn holdahnaus. Fótleggur 112 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, dindli og á fótum. Gul hár nokkuð áberandi í reyfi, einkum aftan til. Togið fint og mjög hrokkið. Fremur ullarmikill hrútur.

Reynsla: Kostur 19-849 er að hefja sinn annan vetur á stöð. Hann fékk mikla notkun á sínum fyrsta vetri og komu 276 synir hans til dóms í haust. Þeir létu ekki mikið yfir sér þar sem afkvæmi Kosta eru gjarnan fremur smágerð. Þau eru engu að síður holdgóð og þéttvaxin. Af sláturlömbum undan Kosti fóru tæp 74% í holdfyllingarflokkum E og U, þar af tæp 18% í E. Lömbin undan honum flokkuðust því ívið betur en dómur gáfu til kynna líkt og gerðist í afkvæmarannsókninni á heimabúi hans haustið 2020.

Kostur er það ungur að hann á aðeins veturgamlar dætur á heimabúi sem skila sínum fyrstu afurðum nú í haust. Í Ytri-Skógum báru fimm dætur hans í vor og áttu 1,20 lömb en meðalfrjósemi veturgömlu ána þar var 1,27 fædd lömb. BLUP-kynbótamat Kosta fyrir dætraeiginleika hækkar aðeins milli ára og er engin ástæða til annars en ætla að hann reynist vel sem ærfaðir.

Litaerfðir: Kostur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Lítið næm arfgerð (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-49-109-36/3,5/5,0-8,0-9,5-9,0-9,5-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=87,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2021
Fjöldi	276
Þungi	47,2
Fótleggur	107,7
Læri	17,8
Ull	7,9
Ómvöðvi	31,9
Ómfita	3,5
Lögun	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						125
Fita						98
Skrokkgæði (99%)						112
Frjósemi (72%)						107
Mjólklagnni (68%)						104
Heildareinkunn						108

19-874 HNOKKI

frá Garði, Pistilfirði.



19-874

Lýsing: Hvítur, fínhyrndur og vel hyrndur. Hausinn fríður, hálsinn stuttur og sver. Breiðar ákaflega holdfylltar herðar og miklar útlögur. Holdfylling í baki og mölum frábær. Lærvöðvi vel lagaður og lokar klofi vel. Breiðvaxinn, samanrekinn holdahnaus. Fótleggur 110 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, við dindil og á fótum. Dálítið um gul hár aftan til í reyfi. Svólítið ullarstuttur í baki. Togið fremur gróft en þelið þykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Hnokki 19-874 kom í hóp sæðingastöðvahrúta haustið 2021 að aflokinni afkvæmarannsókn á úrvalshrútum í Norður-Þingeyjarsýslu sem fór fram í Sveinungsvík. Hnokki hafði sýnt á heimbúi sínu ákaflega lofandi niðurstöður haustið áður og var sá hrútur sem skilaði afgerandi bestri gerð í Garði það árið. Í afkvæmarannsókninni skilaði Hnokki mjög mörgum fallegum, þéttvöxnum og jafnvöxnum lömbum. Hann stóð uppi sem sigurvegari í þessum samanburði en synir hans mældust að jafnaði með þykkasta bakvöðvann. Líffungi þeirra var á meðaltali rannsóknarinnar en engu að síður var þetta lágfætasta afkvæmahópurinn. Þá skárust lömbin afskaplega vel og átti Hnokki best gerðu sláturlömbin. Meðalfallþungi tvílembingshrúttanna undan honum var 18,6 kg, einkunn fyrir gerð 11,5 og einkunn fyrir fitu 7,0. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 18,5 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og einkunn fyrir fitu 6,7. Hnokki staðfesti því rækilega í þessari afkvæmarannsókn að hann er frábær lambafaðir. Hann á ekki langt að sækja kosti sína sem lambafaðir og trúlega minna afkvæmi hans um margt á afkvæmi föður hans, Fáfnis 16-995.

Þess má einnig geta að bæði MF Hnokka, Þór 13-159 frá Hagalandi og MMF hans, Málmur 11-254 frá Garði, voru afar áhugaverðir lambafaðir og báðir fengnir á sínum tíma til prófunar í afkvæmarannsóknnum vegna stöðvanna. Sökum ungs aldurs er Hnokki nánast óreyndur sem ærfaðir en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur góð fyrirheit. Móðir Hnokka, Söldís 16-610, var tvílembd veturgömul. Eftir það hefur hún tvisvar verið tvílembd, einu sinni þrilembd en var einlembd sl. vor og átti þá glæsilegt lamb úr sæðingum. Hún hefur 9,9 afurðastig.

Litaerfðir: Hnokki er arfblendinn hvítur, erfir ekki mórautt en gefur tvílitt og hreinhvít.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-42-105-33/2,7/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=86,0 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							132
Fita							102
Skrokkgæði (93%)							117
Frjósemi (67%)							102
Mjólkurlagni (66%)							108
Heildareinkunn							109

20-876 GIMLI

frá Hesti, Borgarfirði.



20-876

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með svipmikinn haus. Herðar aðeins háar en holdfylltar. Bolurinn sívalur. Bakhold frábær. Breiðar, holdfylltar malir og góð lærahold. Breiðvaxinn, vörpulegur og frísklegur hrútur. Fótleggur 121 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og nokkuð um gul hár aftan til í reyfi. Ullarstuttur í baki. Togið gróft og slétt. Þelið fremur þykkt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Gimli 20-876 var annar tveggja hrúta sem fengnir voru á stöð eftir að niðurstöður úr afkvæmarannsókninni á Hesti lágu fyrir nú í haust. Synir Gimlis voru 41,9 kg á fæti en meðaltal rannsóknarinnar var 41,1 kg. Bakvöðvi sona Gimlis mældist sá næstþykkasti en lögun vöðvans var metin sú besta. Þessi hálfbræðrahópur stigaðist næstbest fyrir læri og stigun fyrir framt var vel yfir meðaltali rannsóknarinnar. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Gimli var sá mesti eða 18,5 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og einkunn fyrir fitu 4,8. Meðalfallþungi í rannsókninni var 17,1 kg, einkunn fyrir gerð 9,8 og einkunn fyrir fitu 5,1. Gerð sláturlamba var sú næstbesta í rannsókninni og kjötprósantan afgerandi best eða 44 % en meðaltal rannsóknarinnar var 41,5%. Gimli virðist skila bráðþroska og vel gerðum lömbum sem jafnframt hafa mjög litla fitu miðað við fallþunga.

Móðir Gimlis, 18-461 var einlembd gemlingur en síðan tvisvar þrilembd og er með 8,0 afurðastig.

Litaerfðir: Gimli er arfblendinn hvítur, erfir líklega ekki mórauðan lit – gefur hreinhvít og tvílitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2020-55-111-38/3,1/5,0-8,0-9,0-9,0-10,0-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=87,5 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							120
Fita							119
Skrokkgæði (82%)							120
Frjósemi (62%)							103
Mjólkurlagni (61%)							101
Heildareinkunn							108

NÝR

20-877 GRETTIR

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.



FFF: Danni 12-923; MFFF: Börkur 13-952; MFMF: Bekri 12-911;
MMFF: Kjarni 13-927; MMMF: Tinni 15-968



20-877

Lýsing: Mórauður, finhyrndur með vanin horn. Hausinn friður og herðarnar breiðar og holdgrónar. Bolurinn sívalur. Frábær bakhöld. Malir kúptar og holdfylltar. Lærvöðvi afbragðsþykkur, kúptur og lokar klofi vel. Holdahnykill. Fótleggur 116 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Ljós mórauður, talsvert um ljós hár í reyfi. Reyfið togmikið og togíð langt. Pelið fremur lítið.

Reynsla: Grettir 20-877 er annar tveggja hrúta sem valdir voru á sæðingastöðvarnar á grunni afkvæmarannsóknar heima í Ytri-Skógum núna í haust. Grettir var annar í uppgjöri rannsóknarinnar á eftir Steðja 20-879. Hann hafði þó mesta yfirburði við skoðun lifandi lamba en afkvæmahópur hans sýndi góðan þroska og hafði þykkastan bakvöðva samhliða hóflegri fitu. Jafnframt var afkvæmahópur Grettis með hæsta gerðarmatið í sláturhúsi. Við slátrun var meðalfallþungi hrútlamba undan honum 19,0 kg, einkunn fyrir gerð 11,2 og fyrir fitu 6,9. Meðalfallþunginn í afkvæmarannsókninni var 18,8 kg, einkunn fyrir gerð 10,3 og fitu 6,9.

Móðir Grettis, Fræva 19-343 var tvílembd gemlingur og aftur í vor þá tveggja vetra. Hún hefur 7,6 afurðastig en Grettir er annað gemlingslambið hennar.

BLUP-kynbótamat Grettis fyrir dætraeiginleika gefur til kynna að dætur hans verði yfir meðallagi frjósamar en um meðaltal sem mjólkurær.

Litaerfðir: Grettir er mórauður, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það, hefur erfðavísi fyrir tvílit og þar með hreinhvítu.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ)

Mál og stigun: 2020-47-105-35/2,5/5,0-8,0-8,5-9,0-9,5-8,5-18,0-8,0-8,0-8,0=85,5 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							128
Fita							105
Skrokkgæði (86%)							117
Frjósemi (63%)							109
Mjólkurlagni (63%)							102
Heildareinkunn							109

Ertu klár fyrir fengitímann?



Chevivit E-Selen / V

- Inniheldur E-vitamin og Selen
- Eykur frjósemi
- Eflandi áhrif á ónæmiskerfið
- Auðvelt að gefa

Flaskan dugur í 125 ær



Skírlífsbelti



Forðastautar fyrir sauðfé

- Leysast hægt upp í vömbinni
- Virka í u.þ.b 4 mánuði
- Fæst einnig með kopar
- 50 stk í stauk

Allar upplýsingar og verð, ásamt ríkulegu úrvali inn á netverslun okkar:



Klaufklippur

Verlaðu í hlýjinni heima

WWW.KB.IS

15-818 BAUKUR

frá Hrappstöðum, Laxárdal.



MMFF: Bolli 99-874. Dollar 07-350 var faðir Heydals 09-929.



Lýsing: Hvítur, kollóttur með þröttlegan haus. Hálsinn stuttur og sver, herðarnar breiðar og holdfylltar og bolurinn sívalur. Bakið breitt og malir ágætlega fylltar en ögn afturdregnar. Lærahöld frábær, lærvöðvi mjög kúptur, þykkur og lokar klofi vel. Bollangur hrútur og samsvarar sér vel. Fótleggur 116 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á eyrum og haus. Tvær svartar doppur á herðum. Fölgulur á haus, hnakka og fótum. Ullarlítil. Togið stutt en mjög fingert.

Reynsla: Baukur 15-818 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann fékk mikla notkun fyrsta veturinn en mun minni síðasta vetur. Þeir synir hans sem hafa skilað sér í dóma eru þéttvaxnir, bollangir og margir með mjög öflug mala- og lærahöld. Í afkvæmahópi hans hefur mátt finna úrvals hrútsefni bæði haustin og þau afkvæmi sem hafa endað í slátruhúsi hafa flokkast mjög vel.

Allmikil reynsla er komin á dætur Bauks en þær eru um meðaltal í frjósemi og mjög góðar afurðaðar líkt og BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeinleika gefur til kynna. Mat fyrir mjólkurlagni hefur hækkað frá fyrra ári en tæplega 50 dætur hans á nokkrum búum í Laxárdal höfðu 5,3 afurðastig að jafnaði haustið 2020.

Baukur sameinar því ákaflega vel þá kosti að vera öflugur lambafaðir ásamt því að gefa góðar dætur. Hann á því skilda mun víðtækari notkun en hann fékk síðasta vetur.

Litaerfðir: Baukur er arfblendinn í A-sæti, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það, gefur tvílitt og hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2015-54-109-30/4, 1/4, 5-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=86,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2020	2021
Fjöldi	65	19
Þungi	48,3	48,7
Fótleggur	108,3	109,5
Læri	17,8	17,6
Ull	8,2	8,1
Ómvöðvi	30,5	31,2
Ómfita	3,6	3,0
Lögun	4,0	4,1

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						114
Fita						101
Skrokkgæði (99%)						108
Frjósemi (96%)						99
Mjólkurlagni (95%)						110
Heildareinkunn						106

15-850 VÖTTUR

frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.



MFF: Ormur 02-933



Lýsing: Móflekkóttur kollóttur. Haus þykkur og svipmikill. Herðar aðeins háar og útlögur í meðallagi. Bakið breitt og sterkt. Holdfylling á mölum og í lærum ágæt. Langvaxin og sterkleg kind. Höfðinglegur og geðgóður hrútur. Fótleggur 125 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Ullarmagn í meðallagi. Togið fremur gróft, þelið í þynnra lagi og ullin stutt í baki.

Reynsla: Vöttur 15-850 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð en þangað var hann fenginn sem efnilegur ærfaðir. Hann fékk fremur hóflega notkun síðasta vetur og 21 sonur hans skilaði sér til dóms í haust. Afkvæmi Vattar eru mörg hver laglega gerð, með þrýðileg mala- og lærahöld. Þykkt og lögun bakvöðva er undir meðallagi og því keppir Vöttur ekki við bestu stöðvahrúta hvað byggingarlag afkvæma snertir. Hann er aftur á móti orðinn talsvert reyndur sem ærfaðir og lofar þar góðu eins og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeinleika segir til um. Dætur hans eru bæði frjósamar og góðar mjólkurærar líkt og hálfystur Vattar, dætur Hattar 09-887 hafa sýnt á undanförunum árum.

Til Vattar má því sækja ýmsa góða kosti fyrir kollótta féð og ekki síst fyrir þá bændur sem hafa áhuga á því að auka litafjölbreytileika í sínum hjörðum.

Litaerfðir: Vöttur gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það, gefur tvílitt og hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2015-55-112-30/3,5/4,0-8,0-8,5-8,0-9,0-8,5-17,5-7,5-8,0-9,0=84,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2021
Fjöldi	21
Þungi	49,4
Fótleggur	109,5
Læri	17,5
Ull	8,0
Ómvöðvi	29,5
Ómfita	3,3
Lögun	4,0

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						98
Fita						113
Skrokkgæði (98%)						106
Frjósemi (93%)						107
Mjólkurlagni (87%)						114
Heildareinkunn						109



Sauðfjárþændur

Kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki
og **Sláturhús KVH ehf.** á Hvammstanga
reka öflugar afurðastöðvar sem þjóna sauðfjárþændum
með slátrun og afurðasölu.

Við þökkum þændum um land allt
viðskiptin síðastliðin haust!



Eyrarvegi 20 550 Sauðárkróki www.ks.is




Sláturhús KVH ehf.

Norðurbraut 24 530 Hvammstangi www.skvh.is

17-853 ÞOKKI

frá Lundi, Völlum.



Lýsing: Hvítur kollóttur með sveran og fríðan haus. Breiður um herðar og útlögumikill. Bakið breitt og holdgróið. Malir langar og breiðar. Lærahold frábær. Reffilegur hrútur, bæði langur og breiðvaxinn. Fótleggur 121 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Hvítur, aðeins svartdröfnóttur á haus og eyrum. Hvorki svört né gul hár fundust í reyfi. Togið hrokkið og meðalgróft, þelið þykkt. Fremur ullarmikill.

Reynsla: Þokki 17-853 er að hefja sinn annan vetur í þjónustu stöðvanna. Hann fékk allgóða notkun á sínum fyrsta vetri og komu 84 synir hans til dóms nú í haust. Þeir voru þyngstir á fæti af sonum kollóttu stöðvahrútanna. Þykkt bakvöðva var dálítið undir meðaltali en fita á baki nokkuð yfir því. Þetta voru mjög þroskamikil og ullargóð lömb, en stigun var um eða aðeins undir meðaltali sona kollóttu stöðvahrútanna fyrir flesta þætti. Af sláturlömbum undan Þokka nú í haust fóru tæp 64% í holdfyllingarflokkum E og U, þar af tæp 13% í E. Afkvæmi Þokka voru með vænni hópunum undan kollóttu stöðvahrútnum og fita hófleg miðað við fallþunga. Afkvæmin virðast hafa mjög góða vaxtargetu og líklega hentar Þokki best þar sem vænleiki dilka er mikill.

Takmörkuð reynsla er komin á Þokka sem ærföður. 19 dætur hans heima í Lundi sýndu frjósemi aðeins undir meðaltali í vor og lækkaði því kynbótamat fyrir frjósemi milli ára. Níu dætur hans í Lundi voru með 5,2 afurðastig árið 2020. Víðtækari reynsla af dætrum mun því varpa betra ljósi á hvar Þokki stendur sem ærfaðir.

Litaerfðir: Þokki er arfblendinn hvítur, gefur tvítt og hreinhvít en ekki mórautt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-63-106-31/3,7/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-18,0-9,0-8,0-9,0=88,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2021
Fjöldi	84
Þungi	51,1
Fótleggur	109,5
Læri	17,8
Ull	8,2
Ómvöðvi	30,4
Ómfita	3,7
Lögun	4,1

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						111
Fita						105
Skrokkgæði (98%)						108
Frjósemi (72%)						94
Mjólkurlagni (70%)						114
Heildareinkunn						105

18-854 SVÖRDUR

frá Hesti, Borgarfirði.



Lýsing: Hvítur, kollóttur með þróttlegan haus. Hálsinn stuttur og sver. Herðar breiðar og útlögur miklar. Bakið breitt og sterkt. Malir breiðar og lærahold góð. Bollangur glæsigripur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmagn í meðallagi. Togið langt og fremur gróft en þelið frekar þunnt.

Reynsla: Svörður 18-854 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð en þangað var hann valinn á grunni athyglisverðrar niðurstöðu sem lambafaðir heima á Hesti. Hann fékk ágæta notkun síðasta vetur og til dóms komu 52 synir hans nú í haust. Þeir eru þroskamiklir með jafna gerð líkt og afkvæmahópurinn heima á Hesti hafði sýnt en meðaltöl fyrir alla eiginleika eru rétt við meðaltöl afkvæmahópa annarra kollóttu stöðvahrúta.

Vænta má að Svörður verði öflugur ærfaðir, en hann hefur hæst kynbótamat fyrir dætraeiginleika af öllum sæðingastöðvahrútnum en það byggist enn aðeins á upplýsingum um dætur heima á Hesti. Dætur hans hafa sýnt mjög góða frjósemi, 7 tveggja vetra ær áttu 1,86 lömb að jafnaði og 6 veturgamlar áttu allar tvö lömb í vor. Síðasta haust höfðu dætur hans 6,4 afurðastig að jafnaði.

Svörður virðist hafa alla burði til að vera sterkur alhlíða hrútur og stenst vel þær væntingar sem til hans voru gerðar við val á stöð síðasta haust.

Litaerfðir: Svörður er arfblendinn hvítur, gefur mórautt, tvítt og hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2018-54-111-31/2,7/4,0-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-18,0-8,5-8,0-9,0=86,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2021
Fjöldi	52
Þungi	50,5
Fótleggur	109,4
Læri	17,8
Ull	8,2
Ómvöðvi	30,5
Ómfita	3,2
Lögun	4,0

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						106
Fita						114
Skrokkgæði (98%)						110
Frjósemi (70%)						113
Mjólkurlagni (69%)						116
Heildareinkunn						113

18-855 TÓN

frá Melum I, Árneshreppi.



Lýsing: Hvítur, kollóttur með stuttan og þróttlegan haus. Holdgróinn um herðar og útlögumikill. Bakið breitt og holdfyllt. Mala- og lærahold mjög öflug. Jafnvaxinn og bollangur glæsihrútur. Fótleggur 117 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið langt og hrokkið. Ullarmikill með glansandi og fallega ull.

Reynsla: Tónn 18-855 frá Melum kom í hóp sæðingastöðvahrúta sumarið 2020 og er því að hefja annað árið sitt á sæðingastöð. Hann hafði tekið þátt í öflugri afkvæmarannsókn vegna sæðingastöðvanna sem haldin var á Melum 2019 og blandaði sér þá í toppbaráttuna við þá Fálka 17-821 og Blika 16-819. Í haust átti Tónn næststærsta hóp sona sem var skoðaður undan kollóttu stöðvahrútonum. Synir hans voru almennt með þykkun bakvöðva og hörkugóð lærahold ásamt því að vera lagðrúðir með góða hvíta ull. Þó margir glæsigrípjur hafi verið settir á undan Tóni þá var greinilega ekki pláss fyrir þá alla en af þeim sem enduðu í sláturhúsunum fóru 20% í holdfyllingarflokk E. Aðeins fjórir aðrir sæðingastöðvahrútar fengu hærri einkunn fyrir gerð sláturlamba í haust.

Í vor átti Tónn 9 veturgamlar dætur sem sýndu mjög góða frjósemi eða 1,44 lömb að jafnaði. Þrjár tveggja vetra dætur átti hann sem allar voru tvílembdar. Kynbótamat hans fyrir frjósemi hækkar um 1 stig milli ára. Mjólkurlagni dætranna er lofandi en afurðauppgjör liggur ekki fyrir. Það bendir því allt til þess að Tónn sé úrválgöður alhliða kynbótagrípjur fyrir kollótta fêð.

Litaerfðir: Tónn er arfblendinn hvítur, gefur mórault, tvílit og hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-49-110-32/4,1/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-9,0=88,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2021
Fjöldi	125
Pungi	49,5
Fótleggur	109,0
Læri	18,0
Ull	8,4
Ómvöðvi	31,3
Ómfita	3,5
Lögun	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						118
Fita						100
Skrokkgæði (99%)						109
Frjósemi (65%)						102
Mjólkurlagni (62%)						107
Heildareinkunn						106

18-863 JÖTUNN

frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.

NÝR



Lýsing: Hvítur, kollóttur með þróttlegan haus. Herðar breiðar og mjög holdfylltar, útlögur miklar. Bakið breitt, sterkt og holdfyllt. Malir breiðar, kúptar og mjög holdfylltar. Lærvöðvi er ákaflega kúptur og þykkur. Jötunn er afar bollangur, vörpulegur og mikill grípjur. Fótleggur 125 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmikill. Togið fremur fínt. Þelið þykkt og ullin með góðan gljáa.

Reynsla: Jötunn 18-863 (áður Dalur) var valinn til notkunar á sæðingastöð sumarið 2021. Hann vakti fyrst athygli sem lamb á héraðssýningu Snæfellinga þar sem hann skipaði þriðja sæti kollótttra hrúta. Við val hans var horft til þess að hann hefur reynst mjög öflugur lambafaðir á Hjarðarfelli. Fram til þessa hefur hann verið á toppnum eða því sem næst fyrir fallþunga og gerð sláturlamba á búinu. Nú í haust átti hann 31 sláturlamb. Meðalfallþungi þeirra var 19,0 kg, gerð 11,6, fita 7,3. Meðalfallþungi búins var 18,6 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og einkunn fyrir fitu 6,6.

BLUP-kynbótamat Jötuns fyrir dætraeiginleika er ekki ýkja hátt en frekari reynsla verður að varpa ljósi á hvernig dætur hans muni reynast. Fimmán dætur hans sýndu frjósemi um búsméðaltal vorið 2020 og höfðu 4,6 afurðastig að hausti. Niðurstöður fyrir dætur hans voru á svipuðu róli nú í haust.

Móðir Jötuns, 14-431, var einlembd gemlingur og þrisvar síðan, annars tvílembd.

Hún er með 6,8 afurðastig eftir sex ár.

Jötunn er öflugur lambafaðir sem hefur mjög góða ull og síðast en ekki síst getur hann erft afkvæmi sín að arfgerð sem er lítið næm fyrir riðu.

Litaerfðir: Jötunn er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-61-111-35/3,5/4,5-8,0-9,5-9,0-9,5-9,0-18,5-9,0-8,0-9,0=89,5 stig.


EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						116
Fita						101
Skrokkgæði (97%)						109
Frjósemi (78%)						93
Mjólkurlagni (77%)						104
Heildareinkunn						102

19-866

NÝR

STRANDAGALDUR

frá Heydalsá 2 (Nicole og Guðjóni), Steingrímsfirði.



FFFF: Baugur 10-889; FMFF: og MMFF: Strengur 09-891



Lýsing: Hvítur, kollóttur með stuttan háls og holdfylltar herðar. Bolurinn sívalur. Góð holdfylling í baki og mölum. Malir breiðar. Ákaflega góð holdfylling í lærum. Jafnvaxinn og töfrandi hrútur. Fótleggur 120 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, togíð mjög fínt og liðað. Pelið þykkt. Ullin mikil og mjög góð.

Reynsla: Strandagaldur 19-866 (áður Garpur) er einn þriggja hrúta sem teknir voru á sæðingastöð nú í haust að lokinni afkvæmarannsókn í Vestfjarðahólfi eystra, sem fram fór á Heydalsá 2. Við uppgjör rannsóknarinnar voru vel gerð afkvæmi styrkleiki Strandagaldurs en hann og Dolli 19-864 áttu þá hópa hrútlamba sem stiguðust hæst að meðaltali fyrir frambart og læri. Strandagaldur sýndi hinsvegar bakvöðvamælingar afkvæma sinna undir meðaltali rannsóknarinnar. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Strandagaldri var 19,0 kg, einkunn fyrir gerð 11,3 og fitu 6,8. Meðalfallþungi tvílembingshrúta í rannsókninni var 19,6 kg, einkunn fyrir gerð 11,3 og fitu 6,7.

Fimm veturgamlar dætur Strandagaldurs áttu lömb nú í vor, ein tvílembd og hinar allar einlembdar. Afurðir þeirra voru undir meðaltali á heimabúi, en þær hafa 4,3 afurðastig að jafnaði. BLUP-kynbótamat Strandagaldurs fyrir dætraeiginleika er aðeins undir meðallagi fyrir frjósemi en sérstaklega hátt fyrir mjólkurlagni.

Móðir Strandagaldurs, 16-732 var tvílembd gemlingur og ætíð eftir það utan einu sinni einlembd og hefur 7,6 afurðastig.

Litaerföir: Strandagaldur er arfblendinn hvítur, gefur tvílit og hreinhvít en líklega ekki mórautt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-45-106-33/1,9/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-8,5-18,0-8,5-8,0-8,5=86,0 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							119
Fita							97
Skrokkgæði (91%)							108
Frjósemi (63%)							97
Mjólkurlagni (60%)							115
Heildareinkunn							107

Fallnir hrútar 2020-2021 - Ástæður

13-982 Móri	Felldur - fullnotaður
14-836 Dólgur	Drapst
15-822 Búi	Felldur - heilsufarsástæður
15-823 Hólkur	Felldur - heilsufarsástæður
16-820 Vidði	Drapst
16-827 Mínus	Felldur - heilsufarsástæður
16-837 Blossi	Drapst
16-840 Muninn	Felldur - erfðagalli (gul fita)
16-994 Durtur	Felldur - fullnotaður
17-809 Glæpon	Felldur - gaf ekki sæði
17-814 Guðni	Felldur - fullnotaður (gaf ekki sæði)
17-816 Torfi	Drapst
17-832 Bruni	Felldur - fullnotaður (lítil eftirspurn)
18-833 Kofi	Drapst
18-845 Glóinn	Felldur - lömun afturfótum
18-856 Þristur	Drapst - afvelta
19-847 Austri	Felldur - eitlabólga
19-857 Fennir	Drapst - barkabólga



FELDFJÁR HRÚTUR

18-859

MELKOLLUR

frá Hárlaugsstöðum 2, Ásahreppi.



18-859

Lýsing: Dökkgrár, öngulhyrndur. Herðar sæmilega breiðar og jafnar og útlögur góðar. Mala- og lærahold í meðallagi. Bollengd góð og hrúturinn hraustlegur.

Ullarlýsing: Grár, liturinn ljósari aftan til. Togið langt, hrokkið og fremur fint. Góður gljai á ullinni. Ullarmikill.

Reynsla: Melkollur 18-859 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann hóf ferilinn í Borgarnesi og voru 57 ær sæddar með sæði úr honum. Þó Melkollur sé ekki nema 75% af feldfjárættum hefur hann skilað góðum fældeiginleikum til margra afkvæma sinna. Rétt er að benda á að hann er sonur Mels 12-978 og dóttursonur Gráfeldar 08-894. Hann er hinsvegar fjarskyldur þeim Lobba 09-939 og Ljúfi 16-817 og því kjörið að leggja nú áherslu á að sæða dætur þeirra með sæði úr Melkollu. Best er að nota hreinlitar gráar

eða svartar ær til að hefja ræktun fældeiginleika og kostur er að ull þeirra sé þellitil og togð langt og fingert. Við ræktun feldfjár eru fældeiginleikar helsta áhersluatriðið en þó er rétt að horfa aðeins til skrokkgæða einnig og stefna að því að sem mest af sláturlömbum af feldfjárættum nái að flokkast í R og þar með í viðundandi verðflokk.

Litaerföir: Melkollur er arfblendinn grár í A-sæti en erfir hvorki mórauðan lit né tvilit.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

FORYSTU HRÚTUR

16-860

KJARTAN

frá Gunnarsstöðum I, Þistilfirði.



16-860

Lýsing: Kjartan er móarnhöfðóttur (móglæsóttur), fremur krapphyrndur; stór, háreistur og höfðinglegur eins og forystuhrúti ber. Hann er sérstaklega athugull og fylgist vel með öllu í kringum sig. Í umgengni er hann til fyrirmyndar og stendur kyrr sé tekið í horn. Að Kjartani standa rótgrónar ættir forystufjár frá mörgum bæjum í Norður-Þingeyjarsýslu og er hann því góður valkostur til viðhalds þeim einstaka eiginleika sem forystueðlið er og forystuféð í landinu geymir.

Strumpur 14-815 faðir Kjartans féll frá eftir aðeins einn vetur á sæðingastöð (var á Suðurlandi 2018-2019). Hann var fremur fjarskyldur fyrri forystuhrútum stöðvanna en í ættartré hans eru Póstur 07-828 (FFF), Geri 03-986 (FMMF) og Biskup 96-822 (MFMF).

Litaerföir: Undan Kjartani geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

FÓÐRAÐU TIL FANGS

Ærblöndurnar frá Líflandi innihalda forblöndu sem sérstaklega er löguð að steinefna- og vítamínþörfum sauðfjár.

Ærblanda með fiskimjöli

Orkuríkt kjarnfóður með 24% próteini. Kjarnfóðrið inniheldur 15% fiskimjöl sem eykur meltanleika próteina. Hentar þar sem þörf er á sterku fengi.

Ærblanda LÍF

Hagkvæmur valkostur með 15% próteininnihaldi sem byggir að öllu leyti á jurtaafurðum.

Ærblöndurnar fást í 25 og 500 kg sekkjum.

Endursöluaðilar á Ærblöndum Líflands

Verkstæði Svans v. Egilsstaði - KM-Þjónustan Búðardal - KVH Hvammstanga - Vélsmiðjan Þristur Ísafirði
Baldvin og Þorvaldur Selfossi



FLUTNINGSTILBOÐ

Frír flutningur á Ærblöndum á stöð hjá Samskipum hvert á land sem er. Minnum einnig á áætlunarferðir Líflands. Gildir til 31. desember 2021 og m.v. að pantaður sé minnst heill stórsekkur eða 12 smásekkir.



Sauðfjárfata

Bætiefnastampur fyrir íslenskt sauðfé



FW steinefnasteinn

Steinefna- og snefilefna-bættur saltsteinn fyrir sauðfé



Fóðurlýsi

Gamla góða lýsið auðugt af A- og D-vítamínum og Omega-3



Super Booster

Fljótandi vítamín og steinefnagjafi fyrir sauðfé



LiqVita ADE 60

Fljótandi vítamín og selengjafi

fyrir lífið í landinu


LÍFLAND

Hrútar 2021-22, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2021

Hyrndir Númer og nafn	Kynbótamat																							
	Fjöldi	Pungt	ÖMV	ÖMF	Lögun	Félt.	Haus	H+h	B+útl.	Bak	Malir	Læri	Ull	Fatur	Samr.	Alls	Gerð	Fita	Skrokkgæði	Frtösemi	Mj.lagni	Heild	Stöð 2021-22	
14-836 Dólgur	113	47,8	31,7	3,4	4,2	109,0	8,0	8,5	8,7	8,8	8,7	17,5	8,0	8,0	8,3	84,5	100	99	100	94	118	104	104	Fallinn
15-822 Búi	87	48,4	31,2	3,1	4,2	108,4	7,9	8,6	8,8	8,8	8,7	17,7	7,8	8,0	8,3	84,6	109	108	109	113	115	112	112	Fallinn
15-823 Hólkur	60	48,3	31,4	3,3	4,2	108,1	7,9	8,6	8,8	8,9	8,8	17,8	7,7	8,0	8,3	84,8	114	101	108	110	105	108	108	Fallinn
15-867 Lómi																	107	114	111	108	110	110	110	Laugardæilir
16-994 Durtur	42	48,2	31,4	3,3	4,2	109,2	8,0	8,5	8,8	8,8	8,8	17,6	7,8	8,0	8,3	84,6	122	97	110	97	105	104	104	Fallinn
16-824 Breki	88	50,9	31,6	2,8	4,2	108,4	8,0	8,5	8,8	8,9	8,7	17,8	8,0	8,0	8,4	85,1	111	113	112	97	110	106	106	Laugardæilir
16-825 Glámur	59	48,3	31,1	2,9	4,2	109,7	8,0	8,5	8,7	8,8	8,6	17,7	7,8	8,0	8,3	84,4	119	114	117	112	100	110	110	Laugardæilir
16-826 Heimaklettur	174	48,4	32,0	3,5	4,3	107,7	8,0	8,6	8,8	8,9	8,8	17,8	8,0	8,0	8,4	85,3	112	107	110	109	109	109	109	Laugardæilir
16-828 Mjólnir	133	49,6	31,1	2,8	4,1	108,2	8,0	8,6	8,8	8,8	8,8	17,9	7,7	8,0	8,3	84,9	114	123	119	114	103	112	112	Borgarnes
16-829 Stapi	110	48,8	32,3	3,3	4,4	107,8	8,0	8,5	8,7	8,9	8,7	17,7	7,9	8,0	8,3	84,7	114	110	112	106	112	110	110	Laugardæilir
16-837 Blossi	179	51,4	30,3	3,2	4,0	108,1	7,9	8,6	8,8	8,7	8,7	17,7	7,7	8,0	8,4	84,5	105	105	105	124	117	115	115	Fallinn
16-838 Garpur	150	47,5	32,0	2,8	4,4	107,7	8,0	8,6	8,8	8,9	8,8	17,8	8,0	8,0	8,4	85,3	110	115	113	100	103	105	105	Borgarnes
16-839 Kappi	79	49,2	31,9	3,4	4,3	108,6	7,9	8,6	8,8	8,9	8,8	17,9	7,8	8,0	8,4	85,1	121	98	110	94	102	102	102	Borgarnes
16-840 Muninn	101	50,2	31,4	3,1	4,3	107,4	8,0	8,7	8,9	8,9	8,9	18,1	7,9	8,0	8,4	85,8	126	107	117	101	101	106	106	Fallinn
16-841 Sammi	138	49,2	31,3	2,8	4,3	108,0	8,0	8,5	8,8	8,8	8,7	17,8	7,8	8,0	8,5	84,9	111	107	109	110	114	111	111	Laugardæilir
16-868 Hvíslí																	106	102	104	99	127	110	110	Laugardæilir
16-869 Kapall																	125	100	113	109	105	109	109	Borgarnes
17-831 Amor	197	48,9	32,9	3,0	4,3	108,6	7,9	8,6	8,8	9,0	8,9	18,0	8,0	8,0	8,4	85,6	121	107	114	105	99	106	106	Borgarnes
17-832 Bruni	9	49,9	31,0	3,0	4,2	110,6	8,0	8,4	8,8	8,8	8,6	17,7	7,6	8,0	8,3	84,2	110	111	111	105	104	107	107	Fallinn
17-842 Börkur	176	46,3	32,1	3,4	4,3	106,9	8,0	8,5	8,8	8,9	8,9	17,9	7,7	8,0	8,3	85,0	131	106	119	96	99	105	105	Borgarnes
17-843 Satúrnus*	13	49,8	30,0	3,1	4,0	107,4	7,9	8,4	8,6	8,6	8,7	17,6	7,9	8,0	8,5	84,2	123	96	110	104	105	106	106	Borgarnes
17-844 Viðar	370	50,3	31,4	2,9	4,3	108,0	7,9	8,6	8,8	8,9	8,9	18,0	7,8	8,0	8,4	85,3	128	109	119	106	111	112	112	Laugardæilir
17-870 Dalur																	120	91	106	103	113	107	107	Borgarnes
17-871 Sokkur																	109	117	113	104	115	111	111	Borgarnes
17-872 Suddi																	140	103	122	98	98	106	106	Laugardæilir
17-873 Svartur																	119	110	115	109	110	111	111	Laugardæilir
18-834 Rammi	137	47,9	33,4	3,2	4,5	107,9	8,0	8,7	8,8	9,1	8,9	17,9	7,8	8,0	8,4	85,6	119	105	112	102	104	106	106	Borgarnes
18-835 Völlur	166	48,7	32,0	2,8	4,3	108,8	8,0	8,6	8,8	8,9	8,8	17,8	7,9	8,0	8,4	85,2	119	105	112	100	107	106	106	Laugardæilir
18-845 Glóinn	82	47,1	32,3	2,9	4,5	108,7	8,0	8,5	8,8	9,0	8,9	18,0	7,9	8,0	8,3	85,4	121	112	117	96	94	102	102	Fallinn
18-846 Snar	150	47,3	31,5	3,4	4,3	107,4	7,9	8,5	8,7	8,8	8,8	17,8	8,2	8,0	8,3	85,0	121	89	105	94	98	99	99	Borgarnes

19-847 Austri	68	49,6	32,2	3,2	4,3	108,7	7,9	8,6	8,9	9,0	8,8	18,0	7,8	8,0	8,4	85,4	121	111	116	106	110	111	Fallinn
19-848 Glitnir	323	49,0	31,5	2,9	4,3	109,4	7,9	8,4	8,8	8,8	8,8	18,0	7,9	8,0	8,3	84,9	114	115	115	108	106	110	Laugardællir
19-849 Kostur	276	47,2	31,9	3,5	4,3	107,7	8,0	8,5	8,8	8,8	8,8	17,8	7,9	8,0	8,4	85,0	125	98	112	107	104	108	Laugardællir
19-874 Hnokki																	132	102	117	102	108	109	Laugardællir
20-875 Galli																	134	88	111	107	103	107	Borgarnes
20-876 Gimli																	120	119	120	103	101	108	Laugardællir
20-877 Grettir																	128	105	117	109	102	109	Laugardællir
20-878 Kurdo																	117	104	111	103	100	105	Borgarnes
20-879 Steðji																	121	115	118	103	108	110	Borgarnes
Meðaltal hyrndir:	3.480	48,7	31,7	3,1	4,3	108,2	8,0	8,5	8,8	8,9	8,8	17,9	7,9	8,0	8,4	85,1							* Ferhyrndur

Kollóttir

13-982 Móri	56	50,8	30,5	3,4	4,0	111,3	7,9	8,5	8,6	8,7	8,7	17,5	7,9	8,0	8,4	84,2	103	108	106	120	117	114	Fallinn
15-818 Baukur	19	48,7	31,2	3,0	4,1	109,5	7,8	8,5	8,6	8,6	8,6	17,6	8,1	8,0	8,4	84,2	114	101	108	99	110	106	Laugardællir
15-850 Vöttur	21	49,4	29,5	3,3	4,0	109,5	7,9	8,3	8,6	8,5	8,6	17,5	8,0	8,0	8,4	83,8	98	113	106	107	114	109	Laugardællir
16-820 Viddi	86	51,0	29,8	3,4	4,1	109,6	7,9	8,7	8,8	8,7	8,8	17,8	8,3	8,0	8,4	84,5	107	112	110	120	109	113	Fallinn
16-851 Klettur	32	49,7	31,0	3,6	4,4	107,1	8,0	8,7	8,7	8,7	8,8	17,8	8,5	8,0	8,7	85,9	110	99	105	90	110	102	Borgarnes
17-821 Fálki	93	50,5	31,4	3,2	4,2	107,4	7,8	8,7	8,9	8,9	9,0	18,1	8,3	8,0	8,5	86,2	123	107	115	96	95	102	Borgarnes
17-852 Bikar	35	48,2	32,0	3,4	4,3	108,1	8,0	8,7	8,8	9,0	8,9	17,9	7,9	8,0	8,6	85,8	110	112	111	100	112	108	Borgarnes
17-853 Pokki	84	51,1	30,4	3,7	4,1	109,5	7,9	8,6	8,6	8,6	8,7	17,8	8,2	8,0	8,4	84,8	111	105	108	94	114	105	Laugardællir
17-862 Selur																	131	84	108	101	108	106	Borgarnes
18-854 Svörður	52	50,5	30,5	3,2	4,0	109,4	7,9	8,6	8,7	8,7	8,7	17,8	8,2	7,9	8,5	85,0	106	114	110	113	116	113	Laugardællir
18-855 Tónn	125	49,5	31,3	3,5	4,3	109,0	7,9	8,6	8,7	8,8	8,7	18,0	8,4	8,0	8,4	85,5	118	100	109	102	107	106	Laugardællir
18-856 Pristur	105	49,6	31,7	3,3	4,3	107,3	7,9	8,8	8,9	8,9	8,9	18,0	8,0	8,0	8,6	86,0	117	114	116	102	105	108	Fallinn
18-863 Jötunn																	116	101	109	93	104	102	Laugardællir
19-857 Fennir	149	50,5	31,0	3,3	4,1	107,3	7,8	8,6	8,8	8,8	8,8	18,0	8,4	8,0	8,5	85,7	120	110	115	98	109	107	Fallinn
19-858 Lurkur	59	50,3	31,6	3,3	4,2	108,6	8,0	8,8	8,8	8,9	8,8	18,1	8,1	7,9	8,5	85,9	114	112	113	93	106	104	Borgarnes
19-864 Dolla																	117	95	106	103	103	104	Borgarnes
19-865 Hamur																	111	106	109	98	110	106	Borgarnes
19-866 Strandagaldur																	119	97	108	97	115	107	Laugardællir

Meðaltal kollóttir: **916** **50,2** **31,0** **3,4** **4,2** **108,5** **7,9** **8,7** **8,8** **8,8** **8,8** **8,8** **17,9** **8,2** **8,0** **8,5** **85,6**

Meðaltal allir: **4.396** **49,0** **31,4** **3,2** **4,3** **108,3** **7,9** **8,6** **8,8** **8,9** **8,8** **8,8** **17,9** **7,9** **8,0** **8,4** **85,2**

Feldfjárhútar

16-817 Ljúfur																	84	92	88	93	80	87	Borgarnes
18-859 Melkollur																	76	94	85	100	92	92	Laugardællir

16-828 MJÖLNIR

frá Efri-Fitjum, Fitjárdal.



FFF: Laufi 08-848; FMMF: Ljóni 98-865



16-828

Lýsing: Hvítur, gleiðhyrndur með sterkan svip. Herðar örlítið háar, bringan breið og útlögur miklar. Bakið holdgróið. Malir langar, breiðar og mjög holdfylltar. Lærvöðvi ákaflega góður og lokar klofi vel. Mjölur er harðskeyttur, harðholda glæsigripur. Fótleggur 119 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum. Örlítið gult í ull, sérstaklega aftan til. Ullarmagn í tæpu meðlaggi. Tog fremur gróft, sérstaklega að aftan.

Reynsla: Mjölur 16-828 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Nú í haust komu til skoðunar 133 synir hans. Þeir geta náð miklum þunga án þess að safna fitu, eru jafnvaxnir og með öflugan afturpart. Mjölur er ekki kynbótahrútur er kemur að ullargæðum. Hann sameinar hins vegar ákaflega vel góða gerð og litla fitusöfnun og hentar trúlega best þar sem vænleiki dilka er mikill.


Dætur Mjölur hafa sýnt mjög góða frjósemi en þó lækkaði kynbótamat fyrir frjósemi lítilega þegar við bættist stór hópur veturgamalla dætra síðasta vor. Kynbótamat fyrir frjósemi uppá 114 stig er eftir sem áður gríðarlega hátt. Haustið 2020 höfðu 28 dætur hans 5,0 afurðastig að jafnaði. Við haustuppgjör nú í haust kemur betri mælikvarði á hvar hann stendur fyrir þann eiginleika.

Litaerfðir: Mjölur er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-51-107-33/3,3/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=86,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2020	2021
Fjöldi	251	133
Þungi	49,4	49,6
Fótleggur	109,4	108,2
Læri	17,9	17,9
Ull	7,8	7,7
Ómvöðvi	30,7	31,1
Ómfita	2,7	2,8
Lögur	4,1	4,1



16-838 GARPUR

frá Staðarbakka (Hákoni Þór Tómassyni), Hörgárdal.



FMF: Grábotni 06-833; MFF: Kveikur 05-965; MFMF: Þróttur 04-991; M MFF: Púki 06-807; MMMF: Garður 05-802



16-838

Lýsing: Hvítur hyrndur, aðeins hrjúfur um herðar en bolurinn fremur sívalur. Bakið sterkt, malir breiðar og holdfylltar og lærahold góð. Bollangur hrútur og rólegur í umgengni. Fótleggur 116 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Vel hvítur, gul hár fundust ekki í reyfi. Togið hrokkkið og fint. Þelið þykkt. Ullin mjúk og fremur mikil. Ullargóður hrútur.

Reynsla: Garpur 16-838 kom á sæðingastöð sumarið 2020 en hann var fenginn þangað sem alhiða kynbótahrútur eftir að hafa reynst vel heima á Staðarbakka. Hann fékk talsverða notkun hjá bændum á sínum fyrsta vetri á stöð og við lambaskoðun í haust voru dæmdir 150 synir Garps. Vænleiki þeirra er aðeins undir meðaltali, en þykkt bakvöðva yfir meðaltali miðað við syni hrundu hrútanna á stöðvunum. Hann skipar sér í hóp nokkurra hrúta sem skila minnstri fitu í bakmælingum á afkvæmum. Nokkur frábær hrútsefni mátti finna í afkvæmahópi Garps nú í haust.

BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika hefur heldur lækkað frá fyrra ári en allmikil reynsla er komin á dætur hans þar sem hann á stóran hóp dætra heima á Staðarbakka. Vorið 2021 sýndu dætur hans þar frjósemi aðeins undir meðaltali búsin en höfðu 5,2 afurðastig að jafnaði nú í haust.


Garpur er sterkur alhiða kynbótahrútur og stenst vel þær væntingar sem til hans voru gerðar við val á sæðingastöð fyrir ári síðan.

Litaerfðir: Garpur er arfblendinn hvítur, erfir ekki mórautt en gefur tvílit og hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-52-108-35/1,7/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,5-18,0-8,5-8,0-8,5=88,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2021
Fjöldi	150
Þungi	47,5
Fótleggur	107,7
Læri	17,8
Ull	8,0
Ómvöðvi	32,0
Ómfita	2,8
Lögur	4,4



16-839
KAPPI

frá Þóroddsstöðum, Hnútafirði.



Lýsing: Mórauður, hyrndur með fríðan haus. Holdfylling í framburti góð og bolurinn sívalur. Góð holdfylling í baki. Malir breiðar og holdfylltar og lærahold góð. Snotur hrútur. Fótleggur 120 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Dökkmórauður með fallega mórauða ull. Mórauði liturinn er jafn um allt reyfið. Togið er í meðallagi gróft og jafnt, fremur hrokkið.

Reynsla: Kappi 16-839 frá Þóroddsstöðum kom á sæðingastöðvarnar sumarið 2020 og er því að hefja sinn annan vetur þar. Þegar Kappi var valinn var horft til þess að hann væri mórauður að lit en jafnframt að hann hafði verið í toppslagnum í afkvæmarannsóknnum heimahrúta á þessu öflugra ræktunarbúi.

Kappi fékk prýðilegar viðtökur hjá bændum og var skoðaður allstór hópur undan honum í haust. Í þeim hópi voru úrvalsgóð hrútsefni. Afkvæmi Kappa eru að jafnaði með þykkan bakvöðva og góð lærahold. Af slátruðum lömbum undan honum í haust fóru 15% í holdfyllingarflokk E.

Þó 11 dætur Kappa hafi sýnt ágæta frjósemi í vor þá voru þær undir búsméðaltali á Þóroddsstöðum í öllum flokkum og því hækkar kynbótamat hans fyrir frjósemi ekki. Dæturnar skiluðu góðum lömbum núna í haust. Haustið 2020 höfðu dætur hans 4,5 afurðastig að jafnaði og lækkaði kynbótamat fyrir mjólkurlagni lítillega milli ára. Kappi er öflugur kynbótahrútur og fyrir þá sem vilja rækta liti er hann mjög áhugaverður kostur.

Lítaerfðir: Kappi er mórauður, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það – erfir ekki tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-53-110-31/4,4/4,5-8,0-9,0-9,5-9,0-9,5-18,5-8,0-8,0-8,0=87,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2021
Fjöldi	79
Pungi	49,2
Fótleggur	108,6
Læri	17,9
Ull	7,8
Ómvöðvi	31,9
Ómfita	3,4
Lögun	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						121
Fita						98
Skrokkgæði (99%)						110
Frjósemi (80%)						94
Mjólkurlagni (79%)						102
Heildareinkunn						102

Kraftvélar kynna nýja útgáfu af Weidemann T4512

Meiri sparneytni og þægindi í kunnuglegum búning þrautreyndur og magnaður!



KRAFTVÉLAR

Kraftvélar ehf

📍 Dalvegur 6-8, Kópavogi 📞 S. 535-3500 ✉ kraftvelar@kraftvelar.is



WEIDEMANN

Yanmar mótur 25 hð * 1.250 kg lyftigetá * 4.52 mtr lyftihæð
* EURO rammi með vökválás * 100% driflás * 2.750 kg eigin þyngd

16-869 KAPALL

NÝR

frá Hvoli, Aðaldal.



MFF: Grábotni 06-833



Lýsing: Hvítur, fínhyrndur með friðan og sterklegan haus. Holdfylling í herðum góð og bolurinn sívalur. Bakið sterkt. Ákaflega breiðar og holdfylltar malir. Frábær holdfylling í lærum. Langvaxinn og hraustlegur hrútur. Fótleggur 117 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Vel hvítur, aðeins gulur við dindil og örlítið um gul hár aftast á mölum. Togið fremur fínt. Þelið þykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Kapall 16-869 frá Hvoli var valinn til notkunar fyrir sæðingastöðvagnar haustið 2021 á grunni afkvæmarannsóknar fyrir úrvalshrúta sem haldin var í Skarðaborg í Suður-Þingeyjarsýslu. Hér var um tímamótavíðburð að ræða þar sem ekki hefur verið möguleiki síðustu 20 ár að halda afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna í þessu sauðfjárveikivarnarhólfi vegna sjúkdómastöðu þess. Í hólfinu eru mörg öflug sauðfjárræktarbú sem fengur er fyrir hið sameiginlega ræktunarstarf að hafa aðgang að og er Hvoli eitt þeirra búa. Í afkvæmarannsókninni kom Kapall vel út fyrir alla þætti rannsóknarinnar. Hann raðaðist annar í heildarstigum en stóð eftur fyrir gerð sláturlamba. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan honum var 17,9 kg, einkunn fyrir gerð var 12,3 og einkunn fyrir fitu 6,9. Meðalfallþungi í rannsókninni var 17,5 kg, einkunn fyrir gerð 11,1 og einkunn fyrir fitu 6,6. Kapall var talsvert reyndur sem lambafaðir áður en hann var prófaður í Skarðaborg og er því mat á gæðum hans sem lambafaðir orðið býsna öruggt.

Aukin reynsla er að fást á Kapal sem ærföður. Hann átti 14 dætur sem komu til uppgjors nú í haust og sýndu þær frjósemi aðeins yfir búsméðaltali vorið 2021 og hækkað kynbótamat fyrir frjósemi milli ára. Þær skiluðu ágætum lömbum nú í haust og hófðu 5,0 afurðastig að jafnaði.

Móðir Kapals, Breiða 12-386, hefur verið mjög farsæl og endingargóð afurðaður. Hún var einlembd veturgömul, hefur einu sinni verið þrílembd en annars tvílembd. Hún skilaði tveim góðum lömbum í haust, þá níu vetra gömul og hefur 5,6 afurðastig að jafnaði.

Litaerfðir: Kapall er arfblendinn grár en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-42-108-32/2,5/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=85,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð		█				125
Fita						100
Skrokkgæði (98%)		█				113
Frjósemi (77%)		█				109
Mjólklagnni (75%)		█				105
Heildareinkunn		█				109

17-831 AMOR

frá Snartarstöðum, Núpasveit.



MFF: Þráður 06-996; MFFF: Raftur 05-966; MMFF: Kveikur 05-965; MMMF: Lundi 03-945



Lýsing: Hvítur, fínhyrndur, örlítið hár um herðar. Útlögur góðar. Holdfylling góð á baki og mölum. Lærahöldin frábær. Amor samsvarar sér vel og er myndarlegur hrútur að allri gerð. Fótleggur 121 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Svartdröfnöttur á haus. Örlítið gult í hnakka en fannst ekki í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Reyfið jafnt og togið meðalfínt.

Reynsla: Amor 17-831 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöðvunum. Hann vakti strax athygli sem óvana-lega sterkur gerðarhrútur. Var hann síðan valinn inn á sæðingastöðvagnar á grunni afkvæmarannsóknar fyrir úrvalshrúta sem fram fór á Snartarstöðum. Ljóst er að Amor gefur afkvæmi sem hafa mjög þykkan bakvöðva og frábær lærahold. Aðeins synir Ramma 18-834 frá Hesti hafa þykkari bakvöðva þetta haustið af sonum stöðva-hrútanna. Haustið 2020 gaf enginn af hyrndu hrútunum á stöðvunum hærra hlutfall af sláturlömbum í holdfyllingarflokk E. Í haust eru það aðeins nýliðarnir Viðar 17-844 og Börkur 17-842 sem skjóta Amori ref fyrir rass í þessum efnunum en 22% sláturlamba Amors flokkuðust í holdfyllingarflokk E. Viða mátti í haust finna vetur-gamla syni Amors sem sköruðu fram úr sem lambafaðir á sínum heimabúum.

Amor virðist ætla að gefa fremur frjósamur ær. Dætur hans heima á Snartarstöðum eru vel yfir búsméðaltali þar. Þá komu fyrstu dætur hans tilkomnar með sæðingum til uppgjors í vor og hafði það aðeins lítil áhrif á gott kynbótamat hans fyrir frjósemi en það seig niður um eitt stig. Mjólklagnni dætranna virðist hins vegar vera nokkuð breytileg. Ekki er komin mynd á það hvernig veturgömlu ærnar vítt og breitt um landið standa sig en ærnar sem komu til uppgjors haustið 2020 á hans heimaslóðum voru með 4,8 afurðastig að jafnaði.

Litaerfðir: Amor er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-46-110-32/1,6/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-18,0-8,0-8,0-8,5=87,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2020	2021
Fjöldi	200	197
Þungi	48,6	48,9
Fótleggur	109,0	108,6
Læri	17,9	18,0
Ull	8,1	8,0
Ómvöðvi	32,3	32,9
Ómfita	3,0	3,0
Lögun	4,3	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð		█				121
Fita						107
Skrokkgæði (100%)		█				114
Frjósemi (98%)		█				105
Mjólklagnni (97%)		█				99
Heildareinkunn		█				106



KERRUR OG VARAHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

17-842 BÖRKUR

frá Kjalvararstöðum, Reykholtssdal.



Lýsing: Hvítur, hyrndur með þróttlegan og fríðan haus. Hálsinn sver og einstaklega vel bundinn við ákaflega holdfylltar og breiðar herðar. Bakið breitt, sterkt og holdgróið. Malir kúptar og gríðarlega vel holdfylltar. Lærahold frábær. Einstaklega jafnvaxinn og gerðarlegur hrútur. Rólegur í umgengni. Fótleggur 112 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, dindli og á fótum. Gul hár áberandi aftan til í reyfinu. Togið í meðallagi að lengd og finleika. Þelið þykkt og ullarmagnið í góðu meðallagi.

Reynsla: Borkur 17-842 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð en áður en hann kom þangað átti hann glæsilegan feril sem lambafaðir heima á Kjalvararstöðum og fleiri bæjum þar í nágrenninu. Á þeim grunni var hann fenginn í afkvæmarannsókn á Hesti þar sem hann stóð sig með þryði og var valinn á sæðingastöð. Borkur fékk góðar viðtökur hjá bændum enda mjög lofandi lambafaðir. Nú í haust komu til skoðunar 176 synir hans. Þeir voru ekki þyngsti afkvæmahópurinn á fæti en mjög jafnvaxnir, með þykkari og vel lagaðan bakvöðva og mjög góða holdfyllingu í mölum og lærum. Margir þessara hrúta voru með talsvert gula ull og ljóst að Borkur bætir ekki ullargæði. Afkvæmi hans sem fóru í sláturhús flokkuðust mjög vel en tæp 26% þeirra fóru í holdfyllingarflokk E. Aðeins Viðar 17-844 átti herra hlutfall lamba í þann holdfyllingarflokk meðal stöðvahrútanna í haust. Afkvæmi Barkar skerast afar vel, hafa háa kjötprósentu og þurfa því ekki mikinn þunga til að góð gerð komi fram í þeim. Borkur staðfestir því enn betur með viðtækri notkun um landið að hann er mjög öflugur lambafaðir.


Sú reynsla sem komin er á dætur Barkar gefur vísbendingar um að dætur hans séu dálítið undir meðallagi í frjósemi en séu í meðallagi mjólkurlagnar. 18 dætur hans voru með 5,0 afurðastig árið 2020. Þetta skýrist betur á næsta ári þegar stór dætrahópur hans víða um land skilar sínum fyrstu lömbum.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Litaerföir: Borkur er arfhreinn hvítur. Borkur heimtist í nóvember 2017 - því ekki til lambsdómur.

Lambhrútaskoðun 2021

Fjöldi	176
Þungi	46,3
Fótleggur	106,9
Læri	17,9
Ull	7,7
Ómvöðvi	32,1
Ómfita	3,4
Lögun	4,3



17-870 DALUR

frá Ásgarði, Hvammssveit.
(Keyptur frá Bæ 2, Hrutafirði)



Lýsing: Hvítur, fremur krapphyrndur með breiðar ágætlega holdfylltar herðar og góðar útlögur. Góð holdfylling í baki, mölum og lærum. Breiðvaxinn hrútur. Fótleggur 120 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Sterkgulur í hnakka og á fótum. Gular illhæru útbreiddar í reyfi. Svartur blettur í baki. Togið fremur gróft, sérstaklega aftan til. Þelið þunnt og ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Dalur 17-870 var valinn á sæðingastöð sumarið 2021 eftir leit að hrútum með lítið næma arfgerð gagnvart riðusmiti ásamt því að hafa reynt vel sem lambafaðir á heimabúi. Dalur er fæddur í Ásgarði en fór sem lamb á bú Gunnars og Þorgerðar að Bæ 2 í Hrutafirði. Afkvæmi Dals eru um meðaltal í vænleika, eru vel gerð en örliðið feit. Núna í haust voru 86 sláturlömb undan Dal 18,1 kg að meðaltali, einkunn fyrir gerð var 10,9 og einkunn fyrir fitu 7,6. Búsmeðaltalið var 18,1 kg, einkunn fyrir gerð 10,1 og fitu 7,2. Því ætti að varast notkun hans þar sem fitusöfnun hefur verið vandamál.


BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika gefur til kynna að Dalur sé þokkalegur ærfaðir, gefi dætur um meðaltal í frjósemi og að þær verði góðar mjólkurur. Dætur hans höfðu 5,5 afurðastig að jafnaði haustið 2020 en í haust höfðu þær 4,6 afurðastig að jafnaði.

Móðir hans, 13-034 var farsæl afurðæra, einlembd gemlingur, síðan fimm sinnum tvílembd og loks þrílembd síðasta árið sem hún lifði og hafði 9,7 afurðastig.

Litaerföir: Dalur er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Lítið næm arfgerð arfblendinn (AHQ//ARQ).


Mál og stigun: 2017-54-111-32/3, 1/4, 5-8, 0-8, 5-8, 5-9, 0-18, 0-7, 5-8, 0-8, 5=85,0 stig.



17-871 SOKKUR

frá Rauðholti, Hjaltastaðapinghá.

NÝR



FFMF: og MFMF: Grábotni 06-833



17-871

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með gróf horn. Svolítið útskeifur á öðrum framfæti. Haus þröttlegur, herðar breiðar og bolurinn sívalur. Holdfylling í baki, mölum og lærum ágæt. Harðholda og bollangur hrútur. Fótleggur 119 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, ullarmagn í tæpu meðallagi. Togið fremur langt og liðað. Þelið í þynnra lagi. Góður gljai á ullinni.

Reynsla: Sokkur 17-871 var valinn til notkunar á sæðingastöð sumarið 2021. Við valið var horft til þess að Sokkur sameinar það vel að vera afar spennandi ærfaðir og góður lambafaðir ásamt því að vera hreinhvítur að lit. Í Rauðholti er gerð afkvæmarannsókn á hverju ári og hefur Sokkur verið í þeim samburði síðustu ár. Hann hefur öll árin verið annað hvort efstur eða í öðru sæti við mat á lifandi lömbum og virðist mjög öruggur með að skila þykkum og vel löguðum bakvöðva til afkvæma sinna. Við mat sláturlamba hefur hann fengið harðari samkeppni og í afkvæmarannsókninni árið 2019 var fallþungi afkvæma hans 16,1 kg, einkunn fyrir gerð 9,2 og einkunn fyrir fitu 5,4. Meðalfallþungi í rannsókninni var 16,2 kg, einkunn fyrir gerð 8,7 og fitu 5,8.

BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika vekur vonir um að hann skili góðum afurðaaám. Tíu dætur hans heima í Rauðholti sýndu frjósemi aðeins undir búsméðaltali vorið 2021 og höfðu 5,1 afurðastig að jafnaði nú í haust.

Móðir Sokks, Flækja 14-729, var bæði frjósöm og mjólkurlagin ær. Hún var tvílembd gemlingur og eftir það þrisvar tvílembd og þrisvar þrílembd og hefur 8,6 afurðastig. Hún var felld nú í haust.

Litaerfðir: Sokkur er arfblendinn fyrir botnóttum lit í A-sæti, hefur ekki erfðavísi fyrir mórauðum lit en erfir tvílit og gefur þar með hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-46-104-31/1,2/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-18,0-9,0-8,0-8,5=87,5 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							109
Fita							117
Skrokkgæði (97%)							113
Frjósemi (78%)							104
Mjólkurlagni (75%)							115
Heildareinkunn							111

18-834 RAMMI

frá Hesti, Borgarfirði.



FFF: Kraftur 11-947; FMF: Hroki 15-969; MFF: Kölski 10-920;
MMF: Grábotni 06-833, MM: Rófa 11-324 einnig FM: Durts 06-994



18-834

Lýsing: Hvítur, fremur krapphyrndur með stuttan þröttlegan haus og holdfylltar og breiðar herðar. Bolurinn ákaflega sívalur. Bakið holdgróið. Malir, langar, breiðar og kúptar. Lærvöðvi ákaflega vel lagaður og fyllir vel í krikann. Rammi er samanrekin holdahaus. Fótleggur 112 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á fótum. Töluvert gult í reyfi aftan til. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið jafnt og fremur gróft, þelið þykkt og mikið.

Reynsla: Rammi 18-834 er nú að hefja sinn þriðja vetur í þjónustu stöðvanna og hefur þegar fengið allmikla notkun. Nú í haust komu 137 synir hans til skoðunar. Enginn stöðvahrútur átti syni með jafn þykkum bakvöðva eða 33,4 mm að meðaltali. Lögun bakvöðvans var 4,5 að meðaltali og aðeins synir Glóins 18-845 ná jafngóðri lögun að meðaltali. Rammi er því yfirburðahrútur hvað varðar þykkt og lögun bakvöðvans. Synir Ramma sýndu ekki sömu yfirburði þegar kom að stigun fyrir fram- eða afturpart en voru þó í kringum meðaltal í einkunnum fyrir þá eiginleika í samburði afkvæmahópa stöðvahrútanna. Af sláturlömbum undan Ramma fóru rúmlega 69% í holdfyllingarflokkka E og U þar af 14% í E. Rammi er öflugur lambafaðir og margir veturgamlir synir hans lofa nú þegar góðu sem lambafeður á sínum heimabúum. Kynbótamat Ramma fyrir frjósemi dætra stendur óbreytt milli ára en fyrstu dætur hans úr sæðingum báru nú í vor og matið fyrir frjósemi dætra því orðið öruggara. Kynbótamat fyrir mjólkurlagni dætra lækkaði nokkuð á milli ára en byggir enn aðeins á dætrum hans á Hesti sem höfðu 4,9 afurðastig að jafnaði haustið 2020. Þær takmörkuðu upplýsingar sem nú liggja fyrir úr haustskilum skýrsluhaldsins vekja vonir um að dætur Ramma reynist þrýðilegar afurðær og líklegt að kynbótamat fyrir mjólkurlagni hækki aftur í næsta útreikningi. Rammi er sterkur alhliða kynbótahrútur sem óhætt er að mæla með notkun á í ríkari mæli en verið hefur.

Litaerfðir: Rammi er arfblendinn fyrir dökkum lit, gefur mórætt en ekki tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-52-104-35/2,9/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=86,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2020	2021
Fjöldi	196	137
Þungi	47,2	47,9
Fótleggur	107,7	107,9
Læri	17,7	17,9
Ull	7,9	7,8
Ómvöðvi	33,1	33,4
Ómfita	3,2	3,2
Lögun	4,4	4,5

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							119
Fita							105
Skrokkgæði (100%)							112
Frjósemi (97%)							102
Mjólkurlagni (96%)							104
Heildareinkunn							106

18-846 SNAR

frá Leifsstöðum, Öxarfirði.



Lýsing: Hvítur fremur krapphyrndur. Herðar breiðar og holdfylltar og bolurinn sívalur. Bakið breitt og holdfyllt. Mala-hold góð. Lærvöðvi kúptur og lokar klofi vel. Glæsilegur hrútur. Fótleggur 116 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmagn í meðallagi. Togið fínt og stutt en þelið þykkt. Ull góð.

Reynsla: Snar 18-846 hefur nú sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann var valinn fyrir stöðvarnar sem úrvalsgóður lambafaðir. Hann sýndi strax á fyrsta vetri heima á Leifsstöðum mikið forskot í flokkun sláturlamba. Síðan lá leið hans að Ytra-Álandi í Pistilfirði þar sem hann atti kappi í afkvæmarannsókn vegna sæðingastöðvanna og stóð uppi sem sigurvegari. Bæði á Leifsstöðum og Ytra-Álandi á hann syni sem halda merki hans á lofti sem öflugir lambafeður. Afkvæmi Snars sem komu til skoðunar í haust voru yfirleitt mjög vel gerð, fremur lágfætt, þéttholda og falleg á velli. Sérstaklega kom hann vel út þar sem vænleiki er yfir meðallagi. Fallþungi lamba undan Snar liggur heldur undir meðallagi í haust miðað við aðra stöðvahrúta en vissulega verður að taka þeim útreikningi með fyrirvara þar sem fallþungatölur hafa ekki verið leiðréttar fyrir búsaðhrifum. Snar átti mörg vel hvít lömb með góða ull, en synir hans eru herra stigaðir fyrir ull en synir annarra hyndra stöðvahrúta.

Mjólkurlagni dætranna er enn óráðin en Snar á nokkuð stóra hópa veturgamalla dætra á Leifsstöðum og Ytra-Álandi sem koma til uppgjors nú í haust. Þessir dætrahópar voru undir meðallagi í frjósemi á báðum búunum í vor en nokkuð var um að þær væru geldar. Kynbótamat Snars fyrir frjósemi lækkar því um 6 stig milli ára. Mat á þessum eiginleika getur sveiflast talsvert til á milli ára sérstaklega þegar upplýsingarnar byggja fyrst og fremst á veturgömlum ám þar sem ekki er alltaf finnanleg einhlit skýring á lambleysi gemlinga.

Litaerföir: Snar er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-40-105-31/3,2/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-8,5-18,0-8,5-8,0-8,5=86,5 stig.


Lambhrútaskoðun	2021
Fjöldi	150
Pungi	47,3
Fótleggur	107,4
Læri	17,8
Ull	8,2
Ómvöðvi	31,5
Ómfita	3,4
Lögun	4,3

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							121
Fita							89
Skrokkgæði (99%)							105
Frjósemi (85%)							94
Mjólkurlagni (81%)							98
Heildareinkunn							99

20-875 GALLI

frá Hesti, Borgarfirði.

NÝR



Lýsing: Hvítur, fremur finhyrndur með fríðan haus. Frampartur vel holdfylltur og sívalur. Holdfylling í baki og mölum góð. Lærvöðvinn þykkur og klæðir vel niður á hækil. Lágfættur, þéttholda og prúður hrútur. Fótleggur 111 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á haus, örliðið gulur við dindil og á fótum. Gul hár fundust ekki í reyfi. Ullarstuttur í baki. Togið slétt og fremur gróft. Þelið fremur þykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Galli 20-875 er annar tveggja hrúta sem fengnir voru á stöð eftir að niðurstöður úr afkvæmarannsókninni á Hesti lágu fyrir nú í haust. Synir Galla voru að meðaltali 41,3 kg á fæti en meðaltal rannsóknarinnar var 41,1 kg. Ómvöðvi þeirra mældist þykkastur og lögun bakvöðvans sú þriðja besta. Þessi hálf-bræðrahópur stigaðist jafnframt best bæði fyrir framt og læri. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Galla var 17,4 kg, einkunn fyrir gerð 11,5 og sú besta í rannsókninni og einkunn fyrir fitu 6,2 og sú hæsta. Meðalfallþungi í rannsókninni var 17,1 kg, einkunn fyrir gerð 9,8 og einkunn fyrir fitu 5,1. Galli er að mörgu leyti öflugasti lambafaðirinn á afkvæmarannsókninni á Hesti þetta haustið og skilar mjög vel gerðum sláturlömbum miðað við fallþunga.

Móðir Galla, 17-332, hefur verið tvílembd allt frá því hún var gemlingur. Hún er með 5,1 afurðastig fyrir þrjú ár. Af fimm sláturlömbum undan henni hafa fjögur farið í holdfyllingarflokk E og eitt í U.

Litaerföir: Galli er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2020-43-102-35/3,3/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=86,5 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							134
Fita							88
Skrokkgæði (87%)							111
Frjósemi (65%)							107
Mjólkurlagni (64%)							103
Heildareinkunn							107



ENDURMENNTUN LBHÍ BÝÐUR FJÖLBREYTT, ÁHUGAVERÐ
OG HAGNÝT ENDURMENNTUNARNÁMSKEIÐ SEM HENTAR
FÓLKI Á ÖLLUM ALDRI.

SAUÐFJÁRSÆÐINGAR

Endurmenntun Lbhí er með þrjú námskeið í sauðfjársæðingum í desember. Námskeiðin henta sauðfjársæðingum og öllum sem hafa áhuga á að starfa við eða starfa nú þegar við sauðfjársæðingar. Námskeiðin eru bæði bókleg og verkleg og er m.a. kennd meðferð sæðis og verklag við sæðingar í fjárhúsi.

Kennari er Þorsteinn Ólafsson dýralæknir.

■ HVANNEYRI

Mið. 1. des. kl. 13 - 18

Hjá Lbhí á Hvanneyri í Borgarfirði.
Í samstarfi við Búnaðarsamtök
Vesturlands

■ STÓRA ÁRMÓTI

Fim. 2. des kl. 13-18

Á Stóra Ármóti á Suðurlandi.
Í samstarfi við Búnaðarsamband
Suðurlands

■ AKUREYRI

Þri. 7. des kl. 13-18


Á Búgarði, Óseyri 2, Akureyri.
Í samstarfi við Búnaðarsamband
Eyjafjarðar

Skráning og nánari upplýsingar á vef Endurmenntunar Lbhí:
www.endurmenntun.lbhi.is

20-878 KURDO

frá Sveinungsvík, Pistilfirði.

NÝR



FFF: Gróði 11-958; MFF: Grámann 10-884; FMMF: Þristur 08-872



20-878

Lýsing: Móbotnóttur, finhyrndur með fallegan haus. Frampartur sívalur og vel holdfylltur. Góð holdfylling í baki, mölum og lærum. Finlegur og snotur hrútur. Fótleggur 120 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Móbotnóttur og dálítið um ljós hár í reyfi. Togið stutt en fínt og þelið þykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Kurdo 20-878 var fenginn á sæðingastöðvarnar að aflokinni afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta í Norður-Þingeyjarsýslu nú í haust. Kurdo er athyglisverður hrútur fyrir fleiri hluta sakir en nafnið en hann er litfagur og ber hann lítið næma arfgerð gagnvart riðusmiti og helmingur afkvæma hans ætti að fá þá arfgerð.

Kurdo er fantagóður lambafaðir en hann stóð sig með sóma í áður nefndri afkvæmarannsókn. Helstu afrek hans voru þau að lambhrútaþapurinn undan honum var með hæsta meðaleinkunn fyrir malir, læri og stig alls í afkvæmarannsókninni. Þá átti hann stærsta gimbrahópin sem tekinn var frá til lífs. Hann stóð annar í heildareinkunn í þessum samanburði á eftir Hnokka 19-874 frá Garði. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Kurdo var 19,0 kg, einkunn fyrir gerð 10,7 og einkunn fyrir fitu 6,4. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 18,5 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og einkunn fyrir fitu 6,7. Faðir Kurdo, Kebab 19-209 frá Klifshaga 2, átti besta lambahópin í Sveinungsvík haustið 2020.

Gola 14-480, móðir Kudos er mjólkurlagin en ekki frjósöm. Hún var geld gemlingurinn, hefur tvisvar verið einlembd og fjórum sinnum tvílembd. Afurðastig hennar er 7,2.

Litaerfðir: Kurdo er arfblendinn fyrir botnóttum lit í A-sæti en erfir að öðru leyti alla grunnliti, leyfi móðurætt það, hefur erfðavísi fyrir tvílít og þar með hreinhvítu.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2020-52-108-37/3,6/5,0-8,0-9,0-9,5-9,5-9,5-18,5-8,0-8,0-8,5=88,5 stig.

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						117
Fita						104
Skrokkgæði (90%)						111
Frjósemi (58%)						103
Mjólkurlagni (57%)						100
Heildareinkunn						105

20-879 STEDJI

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.

NÝR



FFF: Birkir 10-893; MFFF: Jóker 12-924; MMFF: Borði 08-838



20-879

Lýsing: Hvítur, finhyrndur með vanin horn. Herðarnar holdfylltar og bolurinn sívalur. Góð holdfylling í baki. Breiðar og kúptar malir. Þykkur, kúptur lærvöðvi. Kvíðlétur og fremur langvaxinn hrútur. Fótleggur 120 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum. Nokkuð um gul hár í reyfi, sérstaklega aftan til. Togið stutt í baki en lengra á síðum. Þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Steðji 20-879 er annar tveggja hrúta sem valdir voru inn á sæðingastöðvarnar á grunni afkvæmarannsóknar heima í Ytri-Skógum núna í haust. Steðji stóð þar efstur í uppgjöri en sækir meirihlutann af yfirburðum sínum í kjótmatshluta rannsóknarinnar. Meðalfallþungi hrútlamba undan honum var 19,1 kg, einkunn fyrir gerð 11,0 og fyrir fitu 5,9. Meðalfallþunginn í afkvæmarannsókninni var 18,8 kg, einkunn fyrir gerð 10,3 og fitu 6,9. Við mat lifandi lamba var afkvæmahópur Steðja sjónarmun á eftir afkvæmahópi Grettis 20-877, þó var best lagaði bakvöðvinn í afkvæmahópi Steðja.

Móðir Steðja, Sveðja 18-277, var tvílembd gemlingur og tveggja vetra en einlembd nú í vor og hefur 5,5 afurðastig.

BLUP-kynbótamat Steðja fyrir dætraeinleika gefur til kynna að dætur hans verði frjósamar um meðallag og ágætarmjólkuræ: Steðji hefur því alla burði til að verða góður alhliða kynbótahrútur.


Litaerfðir: Steðji er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítu.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2020-48-107-32/2,7/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=86,0 stig.

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						121
Fita						115
Skrokkgæði (87%)						118
Frjósemi (65%)						103
Mjólkurlagni (65%)						108
Heildareinkunn						110

16-851

KLETTURfrá Árbæ, Reykhólasveit
(Keyptur frá Reykhólum, Reykhólasveit.)

MMF: Strengur 09-891; MFF: Steri 07-855; FFMF: Frakksson 03-974



16-851

Lýsing: Hvítur kollóttur með þróttlegan haus. Herðar aðeins háar en bolur fremur sívalur. Holdfylling í baki, mölum og lærum þrýðileg. Hraustlegur og bollangur hrútur. Fótleggur 115 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmagn í tæpu meðallagi. Togið meðalfint og þelið fremur þunnt.

Reynsla: Klettur 16-851 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð en þangað var hann fenginn sem alhiða kynbótahrútur á grunni góðrar reynslu af honum á búi Tómasar Sigurgeirssonar á Reykhólum. Klettur fékk frekar hóflega notkun síðasta vetur og skiluðu 32 synir hans sér til dóms nú í haust. Þeir eru lágfættir, með góða gerð og bollangir en enginn afkvæmahópur stöðvahrúts fékk hærri einkunn fyrir samræmi en þessir synir Kletts nú í haust. Þeir fengu 85,9 stig að jafnaði sem skipar Kletti í hóp efstu hrúta en 2 synir hans fengu 89,5 stig nú í haust. Synir hans eru margir hreinhvítir og með góða ull. Hann er því öflugur lambafaðir líkt og hann hafði sýnt heima á Reykhólum.

Klettur þykir einnig efnilegur ærfaðir þó kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika hafi lækkað umtalsvert frá síðasta ári.

Það á sér þó ákveðnar skýringar en Tómas keypti engan áburð vorið 2020 og því var allt fóður síðasta vetur af óábornum tünnum sem olli mun minni frjósemi á búi hans vorið 2021 en árin á undan, sérstaklega hjá tveimur yngstu argöngunum þar sem flestar dætur Kletts finnast. Dætur hans höfðu 5,4 afurðastig í haustuppgjöri 2019 en 4,6 afurðastig í haustuppgjöri 2020 sem skýrir lækkun á mati hans fyrir mjólkurlagni milli ára, 110 stig er eftir sem áður há einkunn og gefur góð fyrirheit um afurðasemi dætra. Því má nú binda vonir við að kynbótamatið fyrir dætraeiginleika hækki á ný með stærri dætrahóp á fleiri búum.

Litaerföir: Klettur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2016-47-104-29/3,1/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,0=86,5 stig.

Lambhrútaskoðun 2021


	2021
Fjöldi	32
Þungi	49,7
Fótleggur	107,1
Læri	17,8
Ull	8,5
Ómvöðvi	31,0
Ómfita	3,6
Lögun	4,4

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						110
Fita						99
Skrokkgæði (98%)						105
Frjósemi (85%)						90
Mjólkurlagni (83%)						110
Heildareinkunn						102

17-821

FÁLKI

frá Bassastöðum, Steingrímsfirði.

MMF: Baugur 10-889; FFFF: Kroppur 10-890; FFMF; FMMF: og
MMMMF: Heydalur 09-929

17-821

Lýsing: Hvítur, kollóttur með þreklegan og fríðan haus. Herðar mjög holdfylltar, bringan breið og útlögurnar miklar. Bakið breitt. Malir óvenju breiðar, kúptar og holdfylltar. Lærahöldin einstök. Glæsirhrútur að allri gerð. Fótleggur 118 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, mjög ullarmikill. Reyfi þykkt og jafnt. Togið fingert, hrokkið og glansandi. Þelið þykkt og mikið. Fyrirmyndarull.

Reynsla: Fálki 17-821 er að hefja sinn þriðja vetur á stöð. Hann átti nú 93 syni sem komu til dóms. Líkt og haustið 2020 sýndu þeir yfirburði í flestum þáttum dóma þó faðir þeirra fengi harðari samkeppni að þessu sinni og hefði ekki toppinn alveg út af fyrir sig. Enginn kollur fékk þó hærri heildarstig en Fálki fyrir afturpart sona sinna. Í heildina fengu synir hans 86,2 stig og var enginn afkvæmahópur undan stöðvahrútu herra stigaður þetta haustið. Fálki fékk verðlaun sem besti lambafaðir meðal stöðvahrúta árið 2020 og undirstrikar nú að hann var vel að þeim verðlaunum kominn. Sláturlömb undan Fálka flokkast vel, 21% þeirra lamba sem var sláttrað undan honum nú í haust fór í holdfyllingarflokk E. Aðeins Fennir 19-857 átti herra hlutfall sláturlamba í þann flokk, af kollóttu stöðvahrútnum. Sem ærfaðir er Fálki á allt öðrum stað. Kynbótamat fyrir frjósemi hækkaði þó um eitt stig með upplýsingum um stærri dætrahóp en er áfram undir meðallagi. Haustið 2020 höfðu 28 dætur hans 4,5 afurðastig að jafnaði og lækkaði kynbótamat hans fyrir mjólkurlagni umtalsvert. Við haustuppgjör 2021 kemur betur í ljós hvar hann stendur í þeim efnun.

Fanghlutfall við Fálka hefur verið slakt bæði árin sem hann hefur verið á stöð. Gæði sæðisins eru í lagi við útsendingu en svo virðist sem líftími þess sé styttri en hjá öðrum hrútnum. Sæði úr honum má því ekki bíða of lengi og vanda þarf tímasetningu sæðinga út frá beiðsli.

Litaerföir: Fálki er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-53-107-31/5,6/4,0-8,0-8,5-9,5-9,0-9,5-19,0-8,5-8,0-8,5=88,5 stig.

Lambhrútaskoðun 2020 2021

	2020	2021
Fjöldi	105	93
Þungi	50,4	50,5
Fótleggur	108,0	107,4
Læri	18,2	18,1
Ull	8,4	8,3
Ómvöðvi	31,5	31,4
Ómfita	3,2	3,2
Lögun	4,3	4,2

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						123
Fita						107
Skrokkgæði (99%)						115
Frjósemi (94%)						96
Mjólkurlagni (92%)						95
Heildareinkunn						102

Það borgar sig að spá í spilin!

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er leiðandi í ráðgjöf og miðlun þekkingar í landbúnaði. Starfsemi okkar nær til alls landsins og starfsstöðvar okkar eru 12 talsins. Meðal þess sem við veitum ráðgjöf í er:

- Búfjárrækt
- Búrekstur
- Bútækni
- Fóðrun
- Garðyrkja
- Heyverkun
- Jarðrækt
- Landnýting
- Umhverfis- og loftslagsmál

RML hefur umsjón með kynbótastarfi búgreinanna og þróun og þjónustu við skýrsluhaldsforrit. Hluti ræktunarstarfsins felst í því að dæma búfé. Við sjáum um:

- Kúaskoðanir
- Lambadóma
- Hrossadóma

Af hverju að leita ráða hjá RML ?

- Þegar taka þarf stórar ákvarðanir í búrekstrinum
- Ef það eru tækifæri til að auka og bæta gæði afurðanna
- Ef bæta má fóðrun og heilsufar búfjár
- Þegar skoða á möguleika á ræktun og landnýtingu
- Áttu jarðnæði og vilt fá hugmyndir varðandi nýtingu ?
- Langar þig að hefja búskap eða breyta um búskaparform ?
- Viltu bæta reksturinn eða byggja nýtt ?
- RML veitir opinberum aðilum ráðgjöf varðandi landnýtingu, loftslagsmál og fleira tengt landbúnaði


Helstu forrit sem RML vinnur með og aðstoðar bændur í eru:

- Dk búbót – bókhald
- Fjárvis – skýrsluhald í sauðfjárrækt
- Huppa – skýrsluhald í nautgriparrækt
- Heiðrún- skýrsluhald í geitfjárrækt
- WorldFengur- skýrsluhald í hrossarækt
- Jörð – landupplýsingar og skýrsluhald í jarðrækt



17-852 BIKAR

frá Syðri-Reykjum, Miðfirði.



MFF: Höttur 09-887; MFMF: Erpur 01-919; MMFF: Undri 05-818



Lýsing: Dökkgrár, kollóttur með langan og breiðan haus. Herðar breiðar og holdfylltar og útlögur góðar. Holdfylling í baki og á mölum góð. Lærvöðvi fyllir mjög vel í krika. Bollangur og frisklegur hrútur. Fótleggur 123 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Grái liturinn nokkuð jafn um bolinn. Togið er langt og meðalgróft. Þelið er mjög þunnt og ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Bikar 17-852 frá Syðri-Reykjum var falaður inn á sæðingastöð sumarið 2020. Var horft til hans sem öflugslíða kynbótahrúts þar sem hann hafði bæði staðið sig vel sem lambafaðir og komin jákvæð reynsla af dætrum hans heima á Syðri-Reykjum. Bikar var mjög hóflega nýttur af bændum en aðeins 35 synir hans hafa skráðar dómaupplýsingar. Sá hópur stigaðist mjög vel. Synir hans voru með 32 mm bakvöðva að jafnaði sem er hæsta meðaltal sona kollóttu stöðvahrútanna.

Bikar á allstóran hóp dætra heima á Syðri-Reykjum, flestar á fyrsta og öðrum vetri. Frjósemi þeirra var örliðið undir búsméðaltali í vor og lækkar kynbótamat hans fyrir frjósemi á milli ára. Dæturnar mjólka vel en samkvæmt afurðauppgjöri haustið 2020 voru 30 dætur hans með 5,4 afurðastig sem hnikaði kynbótamati fyrir mjólkurlagni upp um eitt stig.


Því er ljóst að Bikar er mjög sterkur kynbótahrútur og óhætt að mæla með mun viðtækari notkun hans á komandi vetri en hann fékk síðasta vetur.

Litaerföir: Bikar er arfblendinn grár, gefur tvítt og hreinhvitt en ekki mórault.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-58-110-39/5,0/4,5-8,0-9,0-9,5-9,5-9,5-18,5-8,0-8,0-9,5=89,5 stig.


Lambhrútaskoðun	2021
Fjöldi	35
Þungi	48,2
Fótleggur	108,1
Læri	17,9
Ull	7,9
Ómvöðvi	32,0
Ómfita	3,4
Lögun	4,3



17-862 SELUR

frá Hraunhálsi, Helgafellssveit.
(Keyptur frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi)

NÝR



FFMF: Kvistur 07-866; MMFF: Máni 03-975



Lýsing: Hvítur, kollóttur. Hálsinn þykkur með góða tengingu við breiðar og mjög holdfylltar herðar. Bringan breið og útlögur hvelfdar. Holdfylling í baki, mölum og lærum mjög góð. Malir áberandi breiðar. Samanrekinn, þéttvaxinn og gerðarlegur hrútur. Fótleggur 116 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á dindli, fölgulur á fótum. Dálítið um gul hár í reyfi. Togið gróft og þelið þykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Selur 17-862 var valinn til notkunar á sæðingastöð sumarið 2021. Var horft til þess að hann hefur reynst mjög öflugur lambafaðir á Hjarðarfelli en þangað var hann seldur sem lamb. Hjörðin á fæðingarbúi hans Hraunhálsi hefur jafnframt vakið athygli um árábil fyrir vel gerð lömb og góðar afurðir ána. Selur átti 30 sláturlömb á Hjarðarfelli haustið 2020 og var meðalfallþungi þeirra 18,3 kg, einkunn fyrir gerð 11,4 og fitu 7,2. Meðalfallþungi búsinns var 18,6 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og einkunn fyrir fitu 6,6. Selur er einn öflugasti kollótti hrúturinn sem stöðvarnar bjóða þetta árið þegar kemur að gerð sláturlamba. Hann er hins vegar ekki vænlegasti kosturinn ef rækta þarf fyrir minni fitu.


BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika lofar góðu fyrir Sel sem ærföður, sérstaklega hvað afurðasemi dætra varðar. Átta dætur hans á Hjarðarfelli voru með 5,4 afurðastig haustið 2020 og nú í haust höfðu þær 5,5 afurðastig að jafnaði.

Móðir Sels, Auðlind 13-197, var einlembd gemlingur en síðan alltaf tvílembd um tvisvar þrilembd. Hún er með 5,4 afurðastig fyrir 7 ár. Endingargóð og farsæl ær sem endaði æviferilinn nú í haust með því að skila 48,5 kg af kjöti af tveimur dílkum.

Litaerföir: Selur er arfblendinn hvítur, erfir ekki mórault en gefur tvítt og hreinhvitt.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-44-109-31/3,3/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,0 stig.



19-858 LURKUR

frá Heydalsá I (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.



19-858

Lýsing: Hvítur kollóttur með stuttan, sveran og fríðan haus. Herðar breiðar og bolurinn sívalur. Bakhold mjög góð og malir breiðar og holdfylltar. Lærvöðvi mjög kúptur og lokar klofi vel. Faguð og þéttvaxin kind. Einstaklega ljúfur í umgengni. Fótleggur 116 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á haus en fölgulur á fótum. Gul hár fundust ekki í reyfi. Togið í meðallagi að lengd og finleika, ull fremur stutt í baki. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Lurkur 19-858 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöðvunum. Hann var einn af þeim þrem úrvalshrútum sem valinn var úr afkvæmarannsókninni á Heydalsá I haustið 2020. Í þeirri rannsókn lágu kostir Lurks m.a. í frábærum læraholdum og voru synir hans hæst stigaðir af öllum fyrir þann þátt. Synir hans úr sæðingunum sem komu til skoðunar í haust staðfestu að Lurkur skilar hörkugóðum læraholdum og voru þeir, ásamt sonum Fálka 17-821, með hæst meðaltal af sonum kollóttu stöðvahrútanna eða 18,1 stig að jafnaði fyrir þann eiginleika. Almennt stiguðust Lurkssynirnir vel en þeir fengu að meðaltali 85,9 stig. Sláturlömb undan Lurki skárust mjög vel. Þau höfðu mestan fallþunga að jafnaði af afkvæmahópum allra sæðingastöðvahrúta og fóru tæp 20% þeirra í holdfyllingarflokk E.

Lurkur hefur því sannað prýðilega ágæti sitt sem öflugur lambafaðir. Sem ærfaðir er Lurkur nánast óreyndur en vænta má að dætur hans mjólki vel. Kynbótamat Lurks fyrir frjósemi fellur engu að síður um 5 stig milli ára en þar vega áhrif frá hálsysturum Lurks þungt en þær sýndu slaka frjósemi á öðrum vetri. Lurkur átti fjórar veturgamlar dætur sl. vor, ein lét en hinar þrjár áttu allar eitt lamb. Frekari reynsla af dætrum hans á landsvísu haustið 2022 mun gefa gleggri mynd af Lurki sem ærföður.

Litaerföir: Lurkur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-53-110-32/3,5/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-19,0-8,0-8,0-8,5=87,5 stig.


Lambhrútaskoðun	2021
Fjöldi	59
Pungi	50,3
Fótleggur	108,6
Læri	18,1
Ull	8,1
Ómvöðvi	31,6
Ómfita	3,3
Lögun	4,2

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						114
Fita						112
Skrokkgæði (96%)						113
Frjósemi (66%)						93
Mjólklagn (64%)						106
Heildareinkunn						104

19-864

DOLLI

frá Miðdalsgröf, Steingrímsfirði.



19-864

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Háls stuttur og sver með fádæma holdfyllingu. Herðar breiðar og útlögurnar miklar og hvelfdar. Frábær bakhold. Malir einstaklega breiðar og holdfylltar. Lærahold með því besta sem gerist. Breiðvaxinn og samanrekin holdaköggull. Fótleggur 114 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnacka og fótum. Nokkuð um gul hár aftan til í reyfi. Togið í meðallagi fint, þelið fremur þykkt. Ullarmikill hrútur.

Reynsla: Dolli 19-864 frá Miðdalsgröf var valinn fyrir sæðingastöðvarnar haustið 2021 á grunni afkvæmarannsóknar fyrir úrvalshrúta sem fram fór á Heydalsá 2. Dolli var einn af eftirtektarverðustu hrútunum í Vestfjarðahólfi eystra haustið 2020 en þá stóð hann efstur í afkvæmarannsókn á heimahrútum í Miðdalsgröf. Hann staðfesti síðan kosti sína á Heydalsá 2 í haust en þar stóð hann einnig uppi sem sigurvegari. Dolli skilaði afgerandi þykkasta bakvöðvunum bæði í lambhrúta- og gimbraskoðuninni. Þá átti hann, ásamt Strandagaldri 19-866, hæst stiguðu synina fyrir framt og læri og hann stóð síðan efstur fyrir gerðarmat í sláturhúsi. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Dolla var 19,7 kg, einkunn fyrir gerð 12,6 og einkunn fyrir fitu 6,9. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 19,6, einkunn fyrir gerð 11,3 og einkunn fyrir fitu 6,7.

Dolli er nánast óreyndur sem ærfaðir. Þrjár dætur hans báru í Miðdalsgröf sl. vor, tvær tvílembdar og ein einlembd. Þær skiluðu ágætum lömbum nú í haust. Faðir Dolla, Dúlli 17-813, átti um 180 dætur sem komu til uppgjörs sl. haust og reyndust þær vel frjósamar og höfðu 5,0 afurðastig að jafnaði.

Dilkhvít 17-284, móðir Dolla, var tvílembd veturgömul. Eftir það hefur hún einu sinni verið einlembd en annars tvílembd og hefur 4,4 afurðastig.

Litaerföir: Dolli er arfblendinn hvítur, gefur tvílitt og hreinhvítt en líklega ekki mórautt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2019-46-106-36/3,4/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-19,0-8,0-8,0-8,0=87,5 stig.

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						117
Fita						95
Skrokkgæði (94%)						106
Frjósemi (69%)						103
Mjólklagn (67%)						103
Heildareinkunn						104

19-865 HAMUR

frá Heydalsá 2 (Nicole og Guðjóni), Steingrímsfirði.

NYR



Lýsing: Hvítur, kollóttur með þróttlegan haus. Herðar ávalar og holdfylltar. Bolurinn sívalur. Bakið sterkt og holdfyllt. Góð holdfylling með kúptum vöðvum í mölum og lærum. Langvaxinn og sterklegur hrútur. Fótleggur 116 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, togid hrokkið og í meðallagi fínt. Þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Hamur 19-865 er einn þriggja hrúta sem teknir voru á sæðingastöð nú í haust að lokinni afkvæmarannsókn í Vestfjarðahólfi eystra, sem fram fór á Heydalsá 2. Hamur stóð annar í röðinni við uppgjör rannsóknarinnar en styrkleikar hans eru helst hófleg fitusöfnun hjá afkvæmum samhlíða góðri holdfyllingu. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Hami var 18,9 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og fitu 5,8. Meðalfallþungi tvílembingshrúta í rannsókninni var 19,6 kg, einkunn fyrir gerð 11,3 og fitu 6,7.

Fimm veturgamlar dætur Hams átta lömb nú í vor; tvær urðu tvílembdar og þrjár einlembdar. Þær skiluðu ágætum lömbum nú í haust og hafa 5,7 afurðastig að jafnaði. BLUP-kynbótamat Hams fyrir dætraeiginleika er aðeins undir meðallagi fyrir frjósemi en hátt fyrir mjólkurlagni.

Móðir Hams, 14-937 var einlembd gemlingur og tveggja vetra en alltaf tvílembd eftir það. Hún var felld haustið 2020 og hafði þá 9,7 afurðastig en flest afkvæma hennar voru sett á.

Litaerfðir: Hamur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-50-104-36/3,6/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-8,5-8,0-9,0=88,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						111
Fita						106
Skrokkgæði (92%)						109
Frjósemi (63%)						98
Mjólkurlagni (60%)						110
Heildareinkunn						106

STAMPAR

FYRIR ÞITT SAUÐFÉ!



LIFELINE - Hrútar

Fóður- og bætiefnastampur fyrir lambhrúta og aðra fullorðna hrúta. Ríkulegur af hágæða próteini og orku til að uppfylla þarfir fyrir frjósama, harðgerða og öflugra hrúta.

Óerfðabreytt.



LIFELINE - Lömb og ær

LIFELINE - Lömb og ær steinefnastampurinn er einstakur að sinni gerð þar sem samsetningu hans er ætlað að tryggja sem best heilbrigði ófæddra lamba og lambánna um leið.

Óerfðabreytt.



Sauðfjárstampur


Ahliða sauðfjárstampur – sérframleitt fyrir íslenskt sauðfé. Hentar fyrir fé á öllum aldri, allan ársins hring. Uppfyllir steinefna/snefilefna/vítamín þarfir gripanna. Hagstætt hlutfall af kalsíum, magnesíum og fosfór.

* **FRÍ HEIMSENDING** á pöntunum yfir 30.000 kr. í vefverslun www.fodur.is

* Gildir í póstinúmer 101-371 og 800-881

17-843 SATÚRNUS

frá Sandfellshaga 2, Öxarfirði.



FFF:Tjaldur 11-922; FFMF: Guffi 08-869; FMFF: Hyrnir 03-958;
MFMF: At 06-806; MMMF: Kveikur 05-965



Lýsing: Hvítur, ferhyrndur með stuttan og breiðan haus. Fremur grófur um herðar og svolítið slöður aftan við bóga. Útlögur í meðallagi. Bakhold í meðallagi en holdfylling góð í mölum og lærum. Tignarlegur og vel gerður hrútur. Fótleggur 115 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum en lítið um gul hár í reyfi. Svört doppa á baki. Togið fremur gróft og þelið þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi.

Reynsla: Satúrnus 17-843 hefur nú sinn annan vetur á sæðingastöð. Þangað var hann valinn sumarið 2020 til að viðhalda ferhyrnu fé. Satúrnus er hins vegar meira en bara hornin, því hann var einn besti lambafaðirinn í Sandfellshaga 2 og skilaði þar geysilega góðri flokkun sláturlamba.

Satúrnus fékk ekki mikil tækifæri síðasta vetur til að sanna getu sína sem kynbótahrútur. Aðeins liggja fyrir dómar á 13 hrútum undan honum frá því í haust. Í þeim hópi voru nokkrir ljómandi vel gerðir gripir og sá hæst dæmdi hlaut 87 stig. Af slátruðum lömbum undan Satúrnusi í haust fóru 58% í holdfyllingarflokk E og U.

Sem ærfaðir er Satúrnus nokkuð reyndur en í Sandfellshaga 2 báru 37 dætur hans í vor. Þær voru aðeins undir búsméðaltali í frjósemi og lækkar kynbótamat hans fyrir þann eiginleika um 5 stig. Dætur Satúrnusar virðast ætla að reynast ágætari mjólkuræri og hækka kynbótamat hans fyrir mjólkurlagni um 3 stig frá síðasta ári.

Erfðir ferhyrnda eiginleikans stjórna af ríkjandi geni sem gefur fjögur horn í stað tveggja og nægir að annað foreldranna hafi genið til að eiginleikinn komi fram. Ferhyrnt er alltaf sýnilegt og ef kind, undan ferhyrnu foreldri, er ekki ferhyrnt, þá erfir hún afkvæmi sín aldrei að þessum eiginleika.

Litaerfðir: Satúrnus er arfblendinn hvítur, gefur mórauðan lit og tvílit - gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stígun: 2017-44-108-25/2, 1/3, 5-8, 0-7, 5-8, 5-7, 5-8, 5-17, 5-8, 0-8, 0-8, 0=81,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2021
Fjöldi	13
Þungi	49,8
Fótleggur	107,4
Læri	17,6
Ull	7,9
Ómvöðvi	30,0
Ómfita	3,1
Lögun	4,0

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						123
Fita						96
Skrokkgæði (98%)						110
Frjósemi (79%)						104
Mjólkurlagni (75%)						105
Heildareinkunn						106

Heiniger

TIL SÖLU

FJÁR-, KÚA- OG HESTAKLIPPUR

KAMBAR OG HNÍFAR

BRÝNSLUVÉLAR



STILLI HANDFÖNG Á BARKAKLIPPUM
BRÝNI KAMBA OG HNÍFA

Guðmundur Hallgrímsson
Túngötu 16 - Hvanneyri - 311 Borgarnes
Sími: 860-7305
gudmundur@vesturland.is

16-817 LJÚFUR

frá Melhól, Meðallandi.



16-817

Lýsing: Ljúfur er dökkgrár, kollóttur með þróttlegan og svipfriðan haus. Hann er háfættur (130 mm), langvaxinn og hraustlegur en holdfylling hans og bygging minna á löngu liðna tíð hjá íslensku sauðfé, miðað við það sem algengast er að sjá í dag. Ljúfur er líkt og nafnið gefur til kynna mjög gæfur og rólegur hrútur.

Ullarlýsing: Ljúfur er dökkgrár, liturinn nokkuð jafn en þó ljósari við bóga. Togið er fint, langt, hrokkið og mjög góður gljái á því. Þelið lítið eins og telst til kosta hjá feldfjárrúti. Ljúfur hefur mjög góða feldeiginleika og var eingöngu valinn á stöð þeirra vegna.

Reynsla: Ljúfur 16-817 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann fékk mun minni notkun síðastliðinn vetur en fyrsta veturinn þegar hann var í Borgarnesi. Áhugi fyrir ræktun feldeiginleika hefur farið vaxandi á Vesturlandi allra síðustu ár svo ætla má að Ljúfur fái meiri notkun núna þegar hann kemur aftur í Borgarnes. Hann hefur sjálfur mjög góða feldeiginleika og virðist skila þeim vel til afkvæma sinna. Rétt er að benda á að Lobbi 09-939 er föðurfaðir hans en Ljúfur er minna skyldur öðrum feldfjárrútum sem verið hafa á stöðvunum á seinni árum. Best er að nota hreinlita gráar eða svartar ær til að hefja ræktun feldeiginleika og kostur er að ull þeirra sé þellítill og togilang og fingert. Við ræktun feldfjár eru feldeiginleikar helsta áhersluatriðið en þó er rétt að horfa aðeins til skrokkgæða einnig og stefna að því að sem mest af sláturlömbum af feldfjárrættum nái að flokkast í R og þar með í viðundandi verðflokk.

Litaerföir: Ljúfur er arfblendinn grár og gefur því bæði grátt og svart. Hann erfir hvorki mórâuðan lit né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Miðlungsnæm arfgerð (ARQ//ARQ).



17-861 FJALLI

frá Hárlaugsstöðum 2, Ásahreppi.

NÝR



MFF og MMFF: Karl Philip 05-827; FFFF og FMMF: Blesi 98-884



17-861

Lýsing: Fjalli er móarnhosóttur, krapphyrndur, hnarreistur og upplitsdjarfur, ákaflega höfðinglegur á velli. Eins og góðum forystuhrúti sæmir er hann athugull og vel vakandi fyrir umhverfi sínu í hvívetna enda augað bæði svipgott og vökull. Fas hans og framgangur er til sóma, hann er ljúfur og sýndi sitt góða eðli mjög glögg í haust er hann fór fyrir hópi hinna miklu kynbótabekra stöðvanna er þeir voru teknir á hús. Fjalli er mjög meðferilegur og var notaður á heimabúi til að leita í ánum á fengitíð.

Fjalli er tiltölulega lítt skyldur þeim forystuhrútum er stíkað hafa um krubbur sæðingastöðvanna undanfarin ár þó hann eigi ættir að rekja til fallinna höfðingja svo sem Blesa 98-884 og Karls Philips 05-827. Fjalli á einkum ættir að rekja til hinnar rótgrónu forystufjarræktunar Norður-Þingeyinga, en einnig til forystufjár

á Suðurlandi sem þar hefur verið ræktað um árabíl. Að þessu sögðu verður vart annað ályktað en Fjalli henti þrýðisvel til viðhalds hinum margrómaða og einstaka eiginleika sem forystueðli íslenska forystufjárins er.

Litaerföir:

Undan Fjalla geta komið allir litir leyfi móðurætt líkt.

Arfgerðargreining v/riðusmits:

Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AHQ//ARQ).

AFKVÆMARANNSÓKNIR VEGNA SÆÐINGASTÖÐVANNA 2021

EYÞÓR EINARSSON

Á fimm stöðum fóru fram afkvæmarannsóknir þar sem mögulegir kándídatar fyrir sæðingastöðvarnar voru prófaðir. Þær eru mikilvægur liður í því að geta valið úrvals lambafeður með sem öruggustum hætti fyrir stöðvarnar. Eftir því sem aðstæður eru staðlaðari verður mat á frammistöðu hrútanna nákvæmara. Að etja saman topphrútum frá fleiri en einu búi styrkir verulega gæði þessara afkvæmarannsókna.

Þakkir eru færðar þeim sem tóku að sér framkvæmd þeirra og þeim bændum sem lánað hafa hrúta til prófunar og þannig lagt hinu sameiginlega ræktunarstarfi mikilvægt lið.

Tilgangur með þessum pistli er að veita yfirlit yfir helstu upplýsingar um framkvæmd hverrar afkvæmarannsóknar.

HESTUR, BORGARFIRÐI

Einn aðkomuhrútur var fenginn að láni til prófunar á Hesti. Það var Uggi 19-146 frá Oddsstöðum í Lundarreykjadal sonur Óðins 15-992. Keppti hann á móti 10 heimahrútum. Tveir hrútar voru valdir fyrir sæðingastöðvarnar úr rannsókninni. Það voru heimahrútarinn Galli 20-875 og Gimli 20-876. Þessi afkvæma-prófun byggir að venju eingöngu á tvílembings lambhrútum. Lömbin voru mæld og stigið af Eyjólfri Kristni Örnólfsyni. Slátrun úr afkvæmarannsókninni fór fram á Blönduósi 1. október.

HEYDALSÁ 2 (NICOLE OG GUÐJÓN), STEINGRÍMSFIRÐI

Af kvæmarannsókn fyrir kollotta hrúta í Vestfjarðahólfi eystra var nú haldin á Heydalsá 2. Tveir aðkomuhrútar tóku þar þátt. Annar var fenginn frá Broddanesi 1, Bætir 19-057 en hinn kom frá Miðdalsgröf, Dollí 19-864. Alls voru hér í samanburði 8 hrútar. Að lokinni rannsókn voru 3 hrútar falaðir fyrir stöðvarnar. Það var Dollí 19-864 og heimahrútarinn Strandagaldur 19-866 (hét áður Garpur) og Hamur 19-865. Um stígun lamba sá Eyþór Einarsson en ómmælingar Stella Guðrún Ellertsdóttir. Skoðun lamba fór fram 21. september. Lömbum vegna afkvæmarannsóknarinnar var slátrað í sláturhúsinu á Hvammstanga 23. september.

SKARÐABORG, REYKJAHVERFI

Í Skjálfandahólfi var nú haldin afkvæmarannsókn vegna sæðingastöðvanna í fyrsta skipti eftir að hólfið opnaði. Það var Skarðaborgarbúið sem reið hér á vaðið og framkvæmdi myndarlega afkvæmarannsókn þar sem 12 hrútar voru gerðir upp í samanburði, þar af 4 aðkomuhrútar. Það voru þeir Hængur 18-024 frá Stafni, Kapall 16-869 frá Hvoli, Plástur 19-071 frá Litlu-Reykjum og Segull 18-171 frá Ingjaldstöðum. Á grunni niðurstaðna var valinn fyrir sæðingastöðvarnar Kapall 16-869. Skoðun líflamba fór fram 24. september. Dómari var Eyþór Einarsson og um ómmælingar sá Guðrún Hildur Gunnarsdóttir. Slátrunin sem liggur til grundvallar fór fram á Húsavík 27. september.

SVEINUNGSVÍK, ÞISTILFIRÐI

Í Sveinungsvík var haldin afkvæmarannsókn þar sem stefnt var saman álitlegum hrútum úr Þistil- og Óxarfirði. Hér voru aðkomuhrútar þeir Hnokki 19-874 frá Garði, Kópur 19-214 frá Sandfellshaga 1 og Gáttur 19-151 frá Bjarnastöðum. Átta hrútar voru í þessum samanburði og voru tveir þeirra síðan falaðir fyrir stöðvarnar. Það voru þeir Hnokki 19-874 og heimahrúturinn Kurdo 20-878. Líflambaskoðunin fór fram 20. september. Um stígun sá Eyþór Einarsson en ómmælingar Steinunn Anna Halldórsdóttir. Slátranir sem nýttar voru til uppgjörs voru frá 28. september og 7. október en slátrað var hjá Fjallalambi, Kópaskeri.

YTRI-SKÓGAR, EYJAFJÖLLUM

Á Ytri-Skógum var að venju vönduð afkvæmarannsókn á heimahrútunum. Í samanburði voru 8 hrútar fæddir 2020. Að þessu sinni voru tveir af þeim valdir fyrir sæðingastöðvarnar. Það voru þeir Grettir 20-877 og Steðji 20-879. Dómari við líflambaskoðun var Fanney Ólöf Lárusdóttir en ómmælingar voru í höndum Pálinu Pálsdóttur. Stígun hrútlambanna fór fram 28. september og slátrun vegna afkvæmarannsóknarinnar var á Selfossi þann 1. október.



Kjötmat afkvæma sæðingastöðvahrúta haustið 2021

Númer og nafn	Fjöldi	Fallþungi	Gerð	Fita	Hlutfall í E	Hlutfall í U	Hlutfall í 2
Hyrndir hrútar:							
14-836 Dólgur	344	18,5	9,59	7,11	4,9%	48,0%	34,6%
15-822 Búi	205	18,7	10,25	6,75	12,7%	50,7%	43,4%
15-823 Hólkur	221	18,4	10,01	7,01	13,1%	41,6%	38,9%
16-994 Durtur	165	18,6	10,64	7,07	18,2%	53,3%	36,4%
16-824 Breki	247	19,3	10,33	6,80	8,9%	59,9%	42,1%
16-825 Glámur	233	19,1	10,72	6,73	17,2%	57,5%	45,5%
16-826 Heimaklettur	482	18,6	10,05	6,78	7,5%	53,9%	42,5%
16-828 Mjólnir	580	18,7	10,23	6,25	9,5%	55,9%	58,8%
16-829 Stapi	358	19,3	10,63	6,86	9,8%	68,2%	41,1%
16-837 Blossi	658	19,2	9,94	7,05	8,5%	48,3%	37,5%
16-838 Garpur	525	18,2	9,82	6,35	7,6%	46,1%	56,0%
16-839 Kappi	266	18,6	10,47	7,20	15,0%	53,4%	32,3%
16-840 Muninn	286	18,2	10,49	6,61	15,7%	52,1%	49,7%
16-841 Sammi	400	19,2	10,48	7,01	13,5%	57,0%	36,3%
17-831 Amor	553	18,8	10,85	6,86	22,2%	51,5%	41,6%
17-832 Bruni	35	19,1	10,14	6,60	8,6%	57,1%	48,6%
17-842 Börkur	506	18,2	11,05	6,74	25,9%	50,6%	45,5%
17-843 Satúrnus	83	17,9	9,99	6,77	9,6%	48,2%	43,4%
17-844 Viðar	709	19,7	11,42	7,07	31,0%	52,2%	36,0%
18-834 Rammi	480	18,2	10,49	6,77	14,0%	55,4%	44,4%
18-835 Völlur	501	19,3	10,89	7,04	17,8%	61,9%	37,1%
18-845 Glóinn	269	18,1	10,34	6,35	10,4%	58,4%	55,4%
18-846 Snar	351	18,2	10,33	7,27	12,3%	54,1%	33,0%
19-847 Austri	184	19,3	10,72	6,86	20,1%	52,2%	42,4%
19-848 Glitnir	729	19,1	10,53	6,58	14,8%	56,1%	45,7%
19-849 Kostur	697	18,0	10,67	6,81	17,6%	56,0%	41,8%
Kollóttir hrútar:							
13-982 Móri	192	19,4	9,69	6,73	5,2%	47,9%	46,4%
15-818 Baukur	75	19,2	10,40	7,17	16,0%	48,0%	33,3%
15-850 Vöttur	110	19,2	9,55	6,49	3,6%	47,3%	50,9%
16-820 Viddi	241	19,9	10,38	6,84	11,6%	57,7%	40,7%
16-851 Klettur	96	19,0	9,63	7,18	3,1%	47,9%	31,3%
17-821 Fálki	220	19,4	10,75	7,06	20,9%	50,9%	37,3%
17-852 Bikar	110	19,1	9,77	6,76	5,5%	51,8%	44,5%
17-853 Þokki	201	19,9	10,28	7,17	12,9%	50,7%	32,3%
18-854 Svörður	179	19,3	10,15	6,63	10,6%	52,0%	44,7%
18-855 Tónn	402	19,5	10,87	7,31	20,4%	56,0%	29,1%
18-856 Þristur	248	19,6	10,56	6,85	19,4%	47,6%	40,3%
19-857 Fennir	376	19,8	10,99	6,98	21,8%	58,0%	39,9%
19-858 Lurkur	124	20,6	10,64	7,24	19,4%	49,2%	33,1%
Feldfjárrútar:							
16-817 Ljúfur	28	16,5	6,29	6,82			39,3%
18-859 Melkollur	38	17,3	7,61	6,84		7,9%	36,8%

*Gögn miðast við stöðu gagnagrunns 1. nóv. 2021

SAUÐFJÁR- SÆÐINGAR & BEIÐSLI



Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember.

Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 60 klst.) en egglosið verður 24-36 klst. eftir að beiðslið byrjar. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum ána.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnaheftunnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggjið frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 16-24 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma.

Athuganir hafa sýnt að hæsta fanghlutfallið eftir sæðingar er á stærstu fjárbúunum og á búum þar sem aðeins eru fáar ær. Það er líklegt að svo sé vegna þess að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu sauðfjárræktar búunum eru engar kýr sem draga athyglina frá fénu og umgengnin um fjárhúsin er meiri en hún er á blönduðu búunum. Þar sem kindur eru mjög fáar er frístundabúskapur og kindurnar eru spök gæludýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingarnar á þessum búum.

MEÐHÖNDLUN SÆÐIS

FERSKT SÆÐI

Ferskt sæði er að öllu jöfnu sent frá sæðingastöðvunum við 10 °C og kemur það fram á brúsanum. Ekki er þörf á frekari kælingu nema sæða eigi um kvöld eða daginn eftir. Þá skal kæla sæðið niður í 5 °C og geyma það þannig þar til notkun fer fram. Forðast skal allar hitasveiflur en þær geta drepit sæðisfrumurnar. Hiti undir frostmarki drepur sæðisfrumurnar!

Mjög mikilvægt er að þurrka stráitð vel áður en það er sett í sæðingataekið með hreinum pappír!

Ferskt sæði skal helst nota innan við 12 tímum eftir sæðistöku en þó getur sæði sem geymt er við réttar aðstæður lifað í rúman sólarhring. Eftir því sem sæðið verður eldra minnka þó gæði þess.

FRYST SÆÐI

Sæðiskúturinn inniheldur fljótandi köfnunarefni (-196 °C) sem endist í 5-7 vikur án þess að bætt sé á hann. Ef allt köfnunarefnið gufar upp eyðileggst sæðið. Það er mikilvægt að fylgjast með því að nóg köfnunarefni sé á kútnum. Það má gera með því að stinga hreinum járntein ofan í kúttinn og hafa hann þar í eina mínútu. Hrímið á teininum sýnir hversu mikið köfnunarefni er í kútnum. Ekki mega vera minna en 5 cm af köfnunarefni í kútnum.

Þegar sæðisstrá er tekið úr kútnum er mikilvægt að lyfta ekki hylkinu með stráunum upp úr kútnum heldur taka eitt strá úr hylkinu með þar til gerðri töng með hylkið ofan í hálsi kútsins. Hylkinu má ekki halda upp úr köfnunarefninu í meira en 5-10 sek. í einu. Þurfi meiri tíma til að finna viðkomandi strá látið hylkið þá aftur niður í um eina mínútu.

SKRÁNING OG UPPGJÖR SÆÐINGA

Upplýsingar um árangur úr sæðingunum gefa mikilvægar upplýsingar um t.d. frjósemi, sæðisgæði, árangur eftir sæðingamönnum og stöðvum o.s.frv. Það er því mikilvægt að sæðingar séu skráðar sem allra fyrst.

Hægt er að skrá eða senda þessar upplýsingar inn á tvo mismunandi vegu:

SKRÁNING SÆÐINGADAGBÓKA

Að afloknum sæðingum eru viðeigandi blöð send til skráningar hjá búnaðarsamböndum á viðkomandi svæði.

SKRÁNING Í FJARVIS.IS

- Skráitð ykkur inn á www.fjarvis.is.
- Veljið <Skrá sæðingu> undir <Vorbók> vinstra megin.
- Skráitð
 - kennitölu sæðingamanns,
 - sæð.dags., hvort ærin/ærnar var/voru samstillt/ar eða ósamstillt/ar,
 - tegund sæðis, hrút og svo þær ær sem voru sæddar þennan dag með áður völdum hrút.

Þetta er svo endurtekið fyrir hvern sæðingadag, sæðingamann og hrút þar til allar sæðingar hafa verið skráðar.

ÞÍÐING Á SÆÐISSTRÁUM

Stráinu þarf að koma eins fljótt og hægt er úr köfnunarefninu í vatnsbað með réttu hitastigi.

Ministrá skal þíða í 35 °C heitu vatnsbaði í 15 sek.

Mediumstrá skal þíða í 50 °C heitu vatnsbaði í 14 sek.

Mæla þarf hitastig vatnsins reglubundið (helst fyrir hverja uppþíðingu).

Nauðsynlegt er að hafa hitabrusa með sjóðandi eða mjög heitu vatni við hendina til þess að stilla hitastig vatnsins sem þitt er í. Í köldum fjárhúsum kólnar vatnið hratt.

Þíðið aldrei nema eitt strá í einu.

Mæla má tímann með því að telja 1001, 1002, 1003 o.s.frv. ef klukka með sekúnduvísi er ekki við hendina. Athugið að flestir farsímar eru með skeiðklukku.

Þurrkið af stráinu með hreinum pappír eftir þíðingu. Vatn drepur sæðisfrumurnar.

Þídd strá skal nota samstundis.

Hitið sæðingataekið, t.d. innanklæða, í 20-25 °C eða með því að nudda það fast áður en stráitð er sett í.

Passið að sæðingataekið sé þurrt.

Eftir að stráitð hefur verið sett í sæðingataekið hafið það innanklæða þar til sætt er til þess að verja sæðið fyrir hitasveiflum.

Gætið ítrasta hreinlætis og farið varlega í kringum fljótandi köfnunarefni.

Athugið að uppþídd strá skal nota strax!

SAMSTILLINGAR

Sumir velja þann kost að samstillta gangmál ána sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstillta ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið hefur verið talsvert lakara en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er það oftast gert þannig að sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka er komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

Það er einnig hægt að leita að beiðandi ám, byrja að leita sólarhring eftir að svamparnir eru teknir úr og sæða 16-24 klst. eftir að beiðslid sést.

SÆÐING Á ÖÐRU GANGMÁLI FRÁ SAMSTILLINGU

Nokkrir bændur hafa reynt að nýta kosti samstillinga og halda fanghlutfallinu uppi. Þá hafa þeir samstillt á venjulegan hátt en ekki sætt fyrr en á öðru gangmáli. Flestar ærnar beiða 19 dögum eftir að svamparnir eru teknir úr. Hluti þeirra beiðir eftir 18 daga, en mjög fáar eftir 17 eða 20 daga. Þessari aðferð er hins vegar ekki hægt að mæla með nema menn hafi aðgang að sæðingum 2-3 daga í röð.

VINNULAGSREGLUR

SÆÐINGAR

Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, rólegheit. Egglos verður 24-36 klst. eftir upphaf blæsmis.

Dæmi:

Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar.

Leitað um miðnætti eða fyrir kl. 8 dagana sem á að sæða og valdar ær til að sæða úr nýjum blæsmum.

SAMSTILLING

Svampur hafður í 14 daga. Sæðing 55 klst. eftir úrtöku.

Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15.
Svampar settir í 29. nóvember.
Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.

SAMSTILLT OG SÆTT Á ÖÐRU GANGMÁLI

Svampur hafður í 14 daga. Sætt 18 og 19 dögum eftir úrtöku.

Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15.
Svampar settir í 13. nóv.
Svampar teknir úr 27. nóv.

Leitað 15. des. kl. 8.
Sæðing 16. desember kl. 15.
Leitað 16. des. kl. 8. 2/3 ána að ganga.

GÓÐ RÁÐ

Hvernig nærðu sem hæstu fanghlutfalli í sæðingum

Daginn áður en á að sæða er farið í húsinn fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða.

Seint kvöldið áður eða snemma daginn sem á að sæða eru teknar til þær ær sem á að sæða og þær settar sér í stíu nærri hrútunum.

Það ættu að líða 6-20 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsinn.

Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark.

Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinnu.

Forðist að neindir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að þvælast í fénu.

Það hefur sýnt sig skila mjög bættum sæðingaárangri að hafa hrút í nálægð við ærnar þegar sætt er.

Árangur sæðinga vorið 2021 eftir sæðingastöðvahrútum, ósamstilltar ær, ferskt sæði

Númer og nafn	Sæddar ær	Árangur	Fædd lömb/á
Hyrndir hrútar:			
14-836 Dólgur	576	67%	1,84
15-822 Búi	365	62%	1,74
15-823 Hólkur	242	77%	1,80
16-824 Breki	421	56%	1,97
16-825 Glámur	394	56%	1,86
16-826 Heimaklettur	654	69%	1,93
16-828 Mjólnir	680	70%	1,97
16-829 Stapi	496	67%	1,82
16-837 Blossi	1.047	61%	1,82
16-838 Garpur	658	70%	1,91
16-839 Kappi	338	71%	1,86
16-840 Muninn	433	67%	1,86
16-841 Sammi	648	59%	1,88
16-994 Durtur	261	67%	1,75
17-831 Amor	799	67%	1,90
17-832 Bruni	41	65%	2,00
17-842 Börkur	660	71%	1,93
17-844 Viðar	1.348	63%	1,85
18-834 Rammi	555	71%	1,91
18-835 Völlur	752	60%	1,86
18-845 Glóinn	456	59%	1,78
18-846 Snar	527	70%	1,88
19-847 Austri	348	59%	1,87
19-848 Glitnir	1.370	57%	1,82
19-849 Kostur	1.326	56%	1,81
	15.395	63%	1,86
Kollóttir hrútar:			
13-982 Móri	299	64%	1,83
15-818 Baukur	106	64%	1,89
15-850 Vöttur	190	59%	1,88
16-820 Viddi	427	63%	1,83
16-851 Klettur	173	55%	1,81
17-821 Fálki	473	54%	1,69
17-852 Bikar	173	70%	1,80
17-853 Þokki	369	64%	1,86
18-854 Svörður	317	61%	1,80
18-855 Tónn	710	56%	1,84
18-856 Þristur	494	71%	1,85
19-857 Fennir	634	64%	1,78
19-858 Lurkur	215	66%	1,85
	4.580	62%	1,82
Aðrir hrútar:			
16-817 Ljúfur	8	77%	2,10
16-860 Kjartan	60	68%	1,95
17-816 Torfi	29	73%	1,95
17-843 Satúrnus	97	77%	2,11
18-859 Melkollur	51	65%	1,86
	245	72%	2,01
Samtals	20.220	64%	1,85
Sauðfjarsæðingastöð Vesturlands	10.951	60%	1,84
Sauðfjarsæðingastöð Suðurlands	9.269	67%	1,87
Samstilltar ær allt landið	1.157	42%	1,74
Samstillt á öðru gangmáli allt landið	261	71%	1,92
Fryst sæði allt landið	276	28%	1,70

*Gögn miðast við stöðu gagnagunnns 12. nóv. 2021

ERFDAGALLINN GUL FITA

Hér á landi finnst sem betur fer ekki margir erfðagallar hjá sauðfé. Tveir slíkir gallar hafa þó skotið upp kollinum reglulega en það er annars vegar bógræpa og hins vegar gul fita. Gul fita hefur lengi verið þekkt, þó lítið hafi borið á henni á síðustu árum. Páll Zóphoniásson, ráðunautur Búnaðarfélags Íslands, var líklega fyrstur manna í heiminum til að benda á líkindi þess að hér væri um víkjandi erfðagalla að ræða. Ritaði hann um þetta greinar á þriðja áratug síðustu aldar sem vöktu athygli erlendra vísindamanna en gul fita (yellow fat) er einnig þekkt í erlendum fjárkynjum.

GUL FITA ER MEINLAUS EN HVIMLEIÐUR GALLI

Gul fita er fyrst og fremst útlitsgalli. Erfðagallinn er talin vera tilkominn vegna þess að stökkbreyting hefur valdið því að ákveðin efnaskipti fara úr skorðum. Um er að ræða efnið Xanthophyll sem tilheyrir karóteinóíðum en þessi efni taka kindur upp frá plöntum í gegnum fæðu sína. Við eðlileg efnaskipti oxast Xanthophyll og umbreytist í A-vítamín en hjá kindum sem sýna gallann safnast þetta efni upp í fituvefnum og veldur áberandi gulum lit á fitunni. Þær kindur verða að nota annað hráefni til A-vítamínframleiðslu. Ekki hafa komið fram neinar vísbendingar um að skepnan hafi af þessu óþægindi. Afurðir af gripum með gula fitu eru skaðlausar til neyslu en guli liturinn gerir kjötið ólystugt. Skrokkarnir eru felldir í sláturhúsum og því getur þetta valdið fjárhagslegu tjóni fyrir framleiðandann.

HVERNIG ERFIST „GUL FITA“?

Erfðagallinn „gul fita“ ræðst af víkjandi arfgerð. Það þýðir að til þess að gallinn komi fram þarf gripurinn að fá hann frá báðum foreldrum, þ.e.a.s. að gallinn þarf að vera á arfhreinu formi. Það gerir það t.d. að verkum að ef tekinn er til notkunar hrútur sem ber víkjandi erfðagalla, eins og gula fitu, í hjörð sem er laus við þennan ljóð, þá er ekki að vænta þess að nein afkvæmi hrútsins sýni gallann. Hins vegar er ljóst að helmingur afkvæma hans getur hafa fengið gölluðu arfgerðina og geta þau svo borið hana áfram. Þannig getur gul fita dulist lengi í stofninum án þess að nokkur verði var við hana fyrr en gripir sem báðir bera gallann eru paraðir saman. Þar sem grunur er uppi um að hrútur beri erfðagalla má grípa til þess ráðs að halda dætrum hans undir hann (ásamt ám sem vitað er að hafi gefið gallann). Ef gul fita kemur fram er ljóst að hrúturinn er að dreifa gallanum. Sé hann arfblendinn fyrir gölluðu arfgerðinni má búast við að 25% afkvæmanna úr þessari þörun sýni gula fitu. Ef ekkert afkvæmi sýnr gallann er í sjálfu sér ekki hægt að fullyrða að hrúturinn sé laus við gallann. Tilviljun gæti ráðið því að hann kom ekki fram en öryggi á slíku prófi ræðst af því hvað hægt er að prófa hrútinn á stórum hópi áa. Þá er rétt að hafa í huga, að nú getur hrúturinn verið arfhreinn fyrir erfðagallanum gulri fitu þar sem það amar í raun ekkert að hrútnum þó hann hafi fengið gallann frá báðum foreldrum og sé sjálfur með gula fitu. Það kemur svo bara í ljós þegar honum er lógað. Þessi arfhreini hrútur myndi gefa öllum sínum afkvæmum gölluðu arfgerðina og því mætti vænta þess að ef hann yrði notaður á dætur sínar þá væri helmingur lambanna með gula fitu.

DREIFNG GALLANS OG ÚTBREIÐSLA

Lítið hefur heyrst af gulri fitu, a.m.k. tvo síðustu áratugi. Trúlega hefur gallinn verið mun útbreiddari fyrir u.þ.b. öld síðan eða þegar Páll Zóphoniásson skrifar um hann. Á áttunda áratug síðustu aldar var gul fita nokkuð áberandi í umræðunni en þá voru í gangi rannsóknir tengdar gulri fitu hjá Rannsóknarstofnun landbúnaðarins (RALA). Á fjárræktarvæðinu Hesti var gul fita þekkt í fénu. Hins vegar er ekki talið að margir sæðingastöðvahrútar hafi dreift gallanum. Þekktir arfberar sem hafa verið á sæðingastöð eru Hrauni 68-854 frá Kílhrauni, Randver 76-948 frá Gilsbakka, Náli 98-870 frá Hesti og Ós 02-905 frá Hesti.

Sá síðast nefndi, Ós, stoppaði þó stutt á stöðvunum því grunur um að hann gæfi gula fitu kom fram áður en sæðingavertíðin hófst.



Á myndinni sést skrokkhluti af öðru afkvæmi Munins 16-840, en tvö lömb undan honum voru felld í kjötmati vegna gulrar fitu nú í haust.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve algengur gallinn er samkvæmt mati sláturhúsanna í dag. Samkvæmt upplýsingum frá yfirkjötmatsmanni byggt á tölum frá tveim sláturhúsum haustið 2021 voru aðeins örfáir skrokkar felldir vegna gulrar fitu eða um 0,01% af innlögðum dillkum.

MUNINN 16-840 LIGGUR UNDIR GRUN

Hrúturinn Muninn 16-840 frá Yzta-Hvammi kom á sæðingastöð síðastliðið haust. Hrútur þessi var frábær lambafaðir og gaf mörg álitleg ásetningslömb. Hann var felldur nú í haust vegna gruns um að gefa gula fitu. Hrúturinn hafði átt 200 afkvæmi með sláturupplýsingar heima í Yzta-Hvammi en ekki er vitað til þess að nokkurt þeirra hafi sýnt gulku. Í haust komu svo fram upplýsingar um tvö afkvæmi Munins sem felld voru vegna gallans í sláturhúsi. Fyrri lambið kom snemma í sláturtíðinni.

Þar með voru „viðvörðunarljósín“ kveikt og ráðunautar og starfsmenn lambadóma hvattir til að vera vakandi fyrir þessu. Vissulega gat hér verið um að ræða að lambið væri ranglega metið með gula fitu og ekki var kostur á að staðfesta ætterni lambins. Þegar síðan annað lamb kom fram, í lok sláturtíðar og er fregnir bárust af syni Munins sem virðist gefa gula fitu þá lá beint við að taka hrútinn úr notkun.

Gera má ráð fyrir að helmingur allra afkvæma Munins beri gallann. Í dag er hins vegar erfitt að segja til um hver hefur hann og hver ekki. Hreinlegast væri að nýta þessi lömb ekki til framræktunar þannig að loku sé fyrir það skotið að menn missi þennan galla inn í stofninn hjá sér. Vissulega er líka hægt að nýta þessa gripi til framleiðslu en setja ekki á undan þeim. Ef koma lömb undan þeim sem sýna gula fitu þá er ljóst að gallinn er til staðar í viðkomandi hjörð. Ef ekkert kemur fram þá er staðan óljós.

ARFGERÐAGREININGAR

Norðmenn hafa staðsett stökkbreytingu sem þeir hafa sýnt fram á að útskýrir langflest tilfelli gulrar fitu þar á landi. Stökkbreytingin finnst í sæti 196 á geni sem stjórnar framleiðslu ensímans Beta-carotene oxygenase 2 (BOC2). Í þeirra rannsókn kom jafnframt fram að í einhverjum tilfellum voru hrútar taldir gefa gula fitu án þess að bera þessa tilteknu stökkbreytingu. Eins voru dæmi um lömb með gula fitu sem voru ekki heldur með stökkbreytinguna. Ályktuðu þeir sem svo að hugsanlega væri önnur stökkbreyting sem gæti haft sömu áhrif og að í einhverjum tilfellum væru hrútararnir hafðir fyrir rangri sök um að þeir væru að gefa gula fitu.

Árið 2007 voru send sýni til Noregs úr gripum frá Hesti sem vitað var að voru bæði arfblendnir og arfhreindir fyrir gulri fitu. Í þeirri athugun fannst ekki sú stökkbreyting sem Norðmenn höfðu staðsett. Því virðist ekki vera í boði að staðfesta þennan erfðagalla í íslensku fé með arfgerðagreiningum að svo stöddu. Engu að síður hefur sýni úr Muninn verið sent til rannsókna hjá Matis og þess freistað að skoða hvort „norska“ stökkbreytingin sé nokkuð þar að verki.

Helstu heimildir

Jón Viðar Jónmundsson og Emma Eypórsdóttir (2013). Erfðir og kynbætur sauðfjár. Sauðfjárrækt á Íslandi, 159-189. Rittstjóri: Ragnhildur Sigurðardóttir. Reykjavík: Uppheimar.

Oddný Steina Valsdóttir (2005). Fæðingargallar í íslensku sauðfé. BS 120 ritgerð, Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri. 109 s.

Váge, D. I. og Boman, I. A. (2010). A nonsense mutation in the beta-carotene oxygenase 2 (BOC2) gene is tightly associated with accumulation of carotenoids in adipose tissue in sheep (*Ovis aries*). BMC Genet. 11:10. doi: 10.1186/1471-2156-11-10.

Aðrar heimildir

Einar Kári Magnússon. (2021). Munnleg heimild.

Emma Eypórsdóttir. (2021). Munnleg heimild.

Jón Viðar Jónmundsson. (2021). Munnleg heimild.

ARFGERÐIR RÁÐA NÆMI FYRIR RIÐUSMITI

Riða er einn af þeim örfáu búfjársmitsjúkdómum þar sem þekktar arfgerðir ráða næmi fyrir smiti í mjög miklum mæli. Það er ómetanlegur kostur – sem er lyklatríði í þeim mikla árangri sem hefur náðst í löndum sem hafa nýtt sér þessa þekkingu. ESB gaf út skýrslu 2014 til að meta árangur aðgerðanna sem hafði verið ráðist í frá 2002 til 2012. Þar kemur skýrt fram að útrýming riðu með markvissri ræktun fyrir þolnum/ónæmum arfgerðum er raunhæfur kostur (sjá www.tinyurl.com/esb-arangur).

Í þessu samhengi er umfangsmikil rannsókn í gangi hér á landi síðan í vor með aðkomu alþjóðlegra vísindamanna, Keldna og Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins (RML). Helstu niðurstöður eru væntanlegar í kringum áramótin 2022/23 og þessi pistill verður þá uppfærður í samræmi við þær.

Næmi fyrir riðu er arfgeng

Príongenið finnst í erfðamengi allra spendýra og nokkurra lægri dýrategunda. Það ber forskrift prionpróteinsins (PrP) sem á umbreyttu formi verður smitandi og er talinn orsakavaldur riðu og fleiri prionsjúkdóma. Þegar einstaklingur verður fyrir smiti kemur hið umbreytta prótein af stað keðjuverkun, þannig að prótein þess sem sýkist komast einnig á umbreytt og sýkjandi form og svo koll af kalli. Umbreytt prótein safnast síðan fyrir í miðtaugakerfinu (amýlóíð skellur) og veldur ólæknandi taugahrönnun.

Ef talað er um „arfgerð“ í sambandi við riðu þá er átt við prionpróteinið. Prionpróteinið samanstendur af mismunandi amínósýrum sem liggja í ákveðnum sætum (á ensku „codons“, et. „codon“). Hvert og eitt sæti á sitt númer. Það er velkunnugt að bændur sem voru að glíma við riðu í sinni hjörð á árum áður, tóku eftir því að hún kom alltaf upp í ákveðnum fjölskyldum/ættlínum en ekki í öðrum. Þess vegna grunaði þá að þessi sjúkdómur væri arfgengur – löngu áður en vísindalegar rannsóknir sýndu fram á slík tengsl.

„Klassísku“ sætin þrjú: 136, 154, 171

Á tíunda áratug síðustu aldar kom í ljós að sæti númer 136, 154 og 171 í prionpróteininu skipta máli varðandi næmi fyrir riðusmiti í kindum. Í fé með upprunalegu (enska: wildtype) arfgerð prionpróteinsins eru eftirfarandi amínósýrur í þessum sætum:

- alanín = A í sæti 136
- argínín = R í sæti 154
- glútamín = Q í sæti 171

Skammstöfun fyrir þessa arfgerð er „ARQ“. Ef stökkbreytingar eiga sér stað, getur þessi samsetning breyst. Í íslensku fé hafa fundist tvær þannig stökkbreytingar, kallaðir „breytileikar“:

valín = V í sæti 136 í staðinn fyrir A
– en hin sætin eru óbreytt: „VRQ“

histidín = H í sæti 154 í staðinn fyrir R – en hin sætin eru óbreytt: „AHQ“

Í næstum öllum öðrum sauðfjárkynjum, einnig í náskyldum eins og Norsk Spælsau, finnst auk þess eftirfarandi breytileiki:

arginín = R í sæti 171 í staðinn fyrir Q
– en hin sætin eru óbreytt: „ARR“

Engir „heilbrigðir smitberar“!

ARR arfgerðin er þekkt af því að hún reyndist nær algjörlega ónæm fyrir riðusmiti. Þetta þýðir að riðusmitefnið (umbreytt prionprótein), alveg sama hvað það er mikið, nær ekki að smita ARR-kindur þar sem prionpróteinið þeirra „talar“ ekki sama „tungumálið“ og smitandi prionpróteinið. Þessar ónæmu kindur geta þess vegna heldur ekki smitað aðrar kindur, „heilbrigðir smitberar“ virðast ekki vera til. Þessi áhrif koma fullkomlega fram í arfhreinum kindum („ARR/ARR“, þar sem ARR kemur frá báðum foreldrum).

En þau virka í minna mæli ef einstaklingurinn er arfblendinn ARR, þ.e. ef það er næm arfgerð á móti, t. d. ARR/ARQ eða meira að segja ARR/VRQ. Samt draga arfblendnir ARR-einstaklingar mikið úr smitdreifingu þrátt fyrir að þeir geti mögulega veikt sjálfir. Ástæðan er sú að í minna næmum kindum taka miklu færri líffæri þátt í sjúkdómsferlinu; til dæmis er oft ekki hægt að finna smitefni í eitlum þessara kindna (eða öðrum líkamshlutum), einungis í heilanum. Þess vegna eru t.d. mjög litlar líkur á að skíturinn þeirra sé smitandi – á meðan skítur úr næmum kindum (t.d. VRQ/VRQ eða ARQ/ARQ) getur borið smitefni.

Arfgerð fósturs stjórnar magni smitefnis

Annað dæmi: Hildir riðuveikra kindna eru taldar ein helsta smitleið riðu. En það merkilega er að erfðæfni móður stýrir ekki hvort hildirnar taka þátt í sjúkdómsferlinu heldur erfðæfni fóstursins. Arfgerð fósturs stýrir því magni smitefnis í hildunum. Þannig að ef fóstrið er með ARR-arfgerð smita hildirnar minna (ARR+x) eða ekki neitt (ARR/ARR). Þess vegna er hægt að ná mjög fljótt árangri með arfgerðina ARR, það er innan fárra ára er hægt að stoppa sjúkdóminn af þótt talsverður hluti kindanna í hjörðinni sé enn ekki arfhreinn, þ.e. með ARR/ARR.

ARR hefur ekki fundist á Íslandi – en hins vegar breytileikinn T137.

Til þessa hefur arfgerðin ARR ekki fundist hér á landi. Sem betur fer býr prionpróteinið yfir miklu fleiri sætum en 136, 154 og 171. Ef allt próteinið er skoðað („ráðgreint“) þá kemur í ljós að fleiri sæti skipta máli hvað varðar riðunæmi. Það hafa fundist að minnsta kosti tvær arfgerðir sem virðast virka eins verndandi og ARR – og að minnsta

kosti önnur þeirra er til á Íslandi, þ.e. breytileikinn T137. Umfangsmiklar rannsóknir hafa sýnt fram á að þessi breytileiki virðist vera verndandi í Sarda-fé, sem er eitt þýðingamesta fjárkyn Ítalíu. Margt bendir til þess að verndandi áhrif breytileikans T137 virki jafnvel í arfblendnu formi líkt og ARR í arfhreinum kindum.

Þannig má ætla að T137 gæti virkað eins á Íslandi og í Sarda-fénu en til þess að fá fullvissu um það, verður arfgerðin skoðuð nánar í rannsókn okkar við íslenskar kringumstæður. Ef hægt verður að sýna fram á gagnsemi hennar þá er það ætluð okkar að sækja um opinbera staðfestingu af hálfu ESB að þessi arfgerð megi koma í stað ARR þar sem hún er ekki til staðar eða sem viðbót. Tilgangur þess er að geta innleitt hana í íslensku reglugerðirnar og á sama tíma fullnægt kröfum innflytjenda íslenskra sauðfjárafurða varðandi alþjóðlega viðurkenndar aðferðir við útrýmingu riðu.

Af hverju heitir breytileikinn „T137“?

„Grunnurinn“ er venjulega villigerðin ARQ – A í sæti 136, R í sæti 154 og Q í sæti 171. Í sæti 137 er venjulega M (metíónín), þá er kindin „venjulega næm“, en ef það er T (þreónín) þarna á staðinn, þá er kindin ónæm fyrir riðusmiti. Í stuttum máli: M137 er þetta venjulega, T137 er hins vegar verndandi. Í rannsóknarskýrslum er arfgerðin oft skrifuð „AT137RQ“ eða – enn nákvæmara – „A136T137R154Q171“.

AHQ er ekki verndandi, en „lítið næm“

Í nokkur ár var talið að H í sæti 154 = AHQ væri verndandi í íslensku fé. Því miður hefur komið í ljós að svo var ekki; þessi arfgerð hefur fundist í tveimur riðujákvæðum einstaklingum. En AHQ arfgerðin er greinilega minna næm en ARQ eða VRQ og því betri kostur en þær. Í dag er hún skilgreind sem „lítið næm“. Hún hefur til þessa verið það besta sem völ var á hér á landi en vonir standa til þess að bændum fari að bjóðast verndandi arfgerðir. Eins og staðan er í haust eru bændur áfram hvattir til að nýta sér „lítið næmu“ arfgerðina til að efla mótstöðu hjarða sinna gegn riðuveiki. Til að meta betur virkni hennar miðað við ARQ annars vegar og ARR eða T137 hins vegar verður hún einnig skoðuð nánar í rannsókn okkar.



Er ARQ betri en VRQ?

VRQ áhættuarfgerðin telst, einkum í arfhreinu formi (VRQ/VRQ), verulega næm fyrir riðusmiti og meðgöngutíminn er styttri en hjá ARQ. En samt er ARQ án „aukabreytileika“ því miður talsvert næm líka og í síðustu riðuhjörðum voru meira að segja allar smitaðar kindur með arfgerðina ARQ/ARQ, engin þeirra með VRQ (áhættuarfgerð). AHQ hins vegar, sérstaklega í arfhreinu formi (AHQ/AHQ) er minna næm. Ef það er ekkert betra í boði þá ætti að velja AHQ þegar kynbætt er fyrir þoli gegn riðuveiki.

Þrír breytileikar að auki

Auk T137 hafa fundist til þessa hér á landi þrír breytileikar í viðbót. Breytileikinn N138 (þar sem N kemur í staðinn fyrir S í sæti 138) er frekar algengur en í sumum hjörðum finnst hann í allt að 25 % gripa. Hann hefur aðallega verið áberandi þar sem riða hefur verið allt í kring. Í eldri rannsóknnum fundust fimm riðukindur með N138 í arfblandnu formi þannig að þessi breytileiki getur ekki talist fullkomlega verndandi en í nýjustu riðuhjörðum voru allar N138-kindur ósmitaðar. Í hreindýrum reyndist hann verndandi. Áhrif hans eru þess vegna óljós enn.

C151 (þar sem C kemur í staðinn fyrir R í sæti 151) virðist sjaldgæft í dag og einungis ein og ein kind hefur fundist í sumum hjörðum. Fyrir rúmlega 20 árum fannst þessi breytileiki hins vegar í 2 til 6 % kindanna. Fyrstu rannsóknir benda til þess að C151 búi yfir verndandi áhrifum, þó ekki algjörum þar sem ein riðukind hefur fundist með C151 (arfblandin á móti VRQ).

Svo hefur fundist sjaldgæfur „þögull“ breytileiki, R231R (þ.e. R = argínín kemur fram í breyttri samsetningu en er samt áfram argínín) sem hefur alltaf komið fram með breytileikanum L237L sem er þá líka þögull. Oft hafa þöglir breytileikar engin áhrif á næmi fyrir riðusmiti en þar sem þeir hafa einungis komið fram í „áhugaverðum“ hjörðum og ekki í riðujákvæðum kindum er ætlunin að rannsaka þennan tvöfalda breytileika einnig betur.

Næmi fyrir riðusmiti erfast á einfaldan hátt

Arfgerðirnar sem er lýst hér að ofan eru hvorki víkjandi né ríkjandi heldur erfast á einfaldan, beinan hátt á milli kynslóða. Lambið fær helming frá móðurinni og helming frá föðurnum. Ef annað foreldri er arfblandið t.d. AHQ/VRQ, þá eru 50 % líkur á að lambið sé með AHQ eða með VRQ „öðrumegin“. Ef foreldrið er hins vegar arfhreint t.d. AHQ/AHQ, þá eru öll lömbin undan því með AHQ „öðrumegin“. Hitt foreldrið stýrir hvað lambið er með „hinumegin“. Ef það er líka arfhreint AHQ/AHQ, þá eru öll afkvæmin AHQ/AHQ. En ef það er t.d. VRQ/VRQ, þá eru öll afkvæmin AHQ/VRQ.

BREYTileikAR Á ÍSLANDI

Til þessa hafa fundist eftirfarandi breytileikar/„arfgerðir“ hér á landi – upprunalega ástandið eða villigerðin er alltaf A136R154Q171:

- V136 (venjulega A) > VRQ, „áhættuarfgerð“
- T137 (venjulega M), mögulega fullkomlega verndandi
- N138 (venjulega S), enn óljós áhrif í sauðfé
- C151 (venjulega R), mögulega verndandi í arfhreinu ástandi
- H154 (venjulega R) > AHQ, „lítið/minna næm arfgerð“
- R231R+L237L („þögull“ breytileiki, alltaf saman), enn óljóst hvort það skiptir máli

FYRIR ÁHUGASAMA: ÍTAREFNI

Langflestar niðurstöður mikilvægra rannsókna eru aðgengilegar frítt á netinu ef maður gefur sér tíma til að vinna sig í gegnum ensku fagorðin sem eru notuð þar. (EKKI ÞÝÐA textann í einhverri þýðingavél.)

Nokkur dæmi um „lykilskýrslur“ sem skipta máli fyrir okkur á Íslandi er að finna hér:

- 2014 - ESB-skýrsla um árangur 10 ára „riðuaðgerða“: www.tinyurl.com/esb-arangur
- 2001-2021 - ESB-reglugerð um riðuveiki: www.tinyurl.com/esb-reglur-rida
- 2007, 2009 - tvær ítalskar rannsóknir um T137 (þriðja skýrslan – um PMCA-prófin – er því miður ekki opinberlega aðgenginleg á netinu): www.tinyurl.com/t137-1
www.tinyurl.com/t137-2
- 1999 - íslensk grein um arfgerðir sem fundust á Íslandi eftir Stefáníu Þorgeirsdóttur: www.tinyurl.com/stefania-arfgerdir
- 2004 - íslensk grein um þróun riðuveiki á Íslandi eftir Guðmund Georgsson: www.tinyurl.com/gudmundur-rida

Mikilvægt er að taka tillit til ártala; eldri skýrslur geta eðlilega ekki tekið tillit til nýrrar þekkingar.

ARFGERÐAGREINING/RADGREINING - RIÐUGREINING

Oft er ruglað saman orðum í samhengi við ákveðnar rannsóknaraðferðir.

Riðugreining:

Skoða heilann eða eitla úr dauðri kind til að finna út hvort hún hafi verið með riðuveiki. Prófið felst í því að leita að riðusmitefninu (PrPSc).

Arfgerðagreining

Nota frumur úr kind (sem er oftast lifandi) til að finna út hvaða arfgerð hún er með í príongeni og hvaða amínósýrur í príonpróteini; oftast er hér átt við staðalarfgerðagreiningu þar sem eingöngu 2 til 3 sæti í príonpróteininu eru skoðuð, nýjar verndandi arfgerðir finnast ekki á þennan hátt.

Raðgreining

Nota sömu frumur til að athuga (í þessu tilfalli) allt príonprótein kindarinnar; þá sjást öll sæti og allar arfgerðir, líka þær sem hafa ekki þekkt áður.

NOKKRAR AMÍNÓSÝRUR

... sem skipta máli í príonpróteini:

metiónín	M	lýsín	K
systeín	C	alanín	A
asparagín	N	valín	V
asparsýra	D	þreónín	T
glútamín	Q	lefsín	L
histidín	H	serín	S
		argínín	R

Gæði – alla leið!

Í SÁTT VIÐ NÁTTÚRUNA



Fjölskyldan á Snorrastöðum er hluti þeirra 900 bænda sem eiga SS. Þau nota eigin hita- og vatnsveitu fyrir bú sitt sem rekið er með sjálfbærni að leiðarljósi. Fyrsta flokks aðstæður og hágæða íslenskt hráefni tryggir gæði sem skila sér alla leið á diskinn þinn.

Íslenska sveitin og SS - fyrir þig

